

Forseti Íslands
 Talar fyrir
 atvinnulífið



Samruni í
 upplýsingatækni
 Landslagið
 skýrist



Frístundin
 Halla Mixa
 hiphoppar



KRISTJÁN BRAGASON Fall á gengi Ericsson í gær smitaði út frá sér til annarra hlutabréfamarkaða á Norðurlöndunum í gær.

Ericsson felldi markaðinn

Gengi helstu hlutabréfavisitalna lækkaði almennt á fjármálamörkuðum í gær en Úrvalsvisitalan lækkaði um tæp 1,6 prósent þegar verst lét.

Kristján Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, segir lækkunina alþjóðlega. Botninn hafi svo tekið úr í kjölfar afkomuviðvörðunar sænska farsímaframleiðandans Ericsson í gær en gengi félagsins hrundi um þrjátíu prósent í kjölfarið.

„Ericsson er það stórt í sænsku hlutabréfavisitölnunni að þegar gengi þess lækkar keyrir það vísitöluna niður í Svíþjóð og á hinum Norðurlöndunum,“ segir hann. Sænska hlutabréfavisitalan lækkaði um 3,4 prósent í gær.

FRÉTTIR VIKUNNAR

Meiri verðbólga | Verðhækkun á íbúðarhúsnæði, útsölulok og verðhækkunir á eldsneyti og matvöru stuðlaði að 0,5 prósentu hækkun vísitölu neysluverðs milli september og október. Tölf mánaða verðbólga er nú 4,5 prósent.

Útgáfa skuldabréfa | Kaupþing tilkynnti um tvær skuldabréfaútgáfur í vikunni. Annars vegar í Mexíkó að andvirði tólf milljarðar króna. Hins vegar í Bandaríkjunum að andvirði 24 milljarðar króna.

Tvíhliða skráning | Straumur fjárfestingarbanki er að skoða möguleika á því að skrá bréf bankans utan landsteinanna. Um tvíhliða skráningu yrði að ræða þar sem bréf bankans yrðu sömuleiðis skráð í Kauphöll Íslands.



Tvöfalda flutninga | Alcoa Fjarðaál hefur samið við Samskip um að annast flutninga á framleiðslu fyrirtækisins til Evrópu næstu fimm árin. Við það tvöfalda flutningar Samskipa frá landinu.

TMS selt | Nýherji hefur keypt 77 prósent af hlutafé TM Software af Straumi, FL Group og Tryggingamiðstöðinni. Hluturinn kostar 1,3 milljarða króna, miðað við að heildarverð hlutabréfa í TMS sé 1,7 milljarðar.

Úr Icebank | SPRON og Byr hafa selt samtals 45,18 prósentu eignarhlut sinn í Icebank. Hvor um sig heldur þó eftir fjögurra prósentu hlut. Icebank verður eftir sem áður í meirihlutaeigu sparisjóðanna sem eftir standa.

Stofna sjóð | Askar Capital hefur stofnað níu milljarða króna fjárfestingarsjóð í samvinnu við þýska fyrirtækið VCM Capital Management. Lágmarkskaup í sjóðnum nema fimm milljónum dala, rúmlega 301 milljón króna.

Skýrist í vikunni hvort leiðin er fær

Fjármálafyrirtæki hafa til skoðunar leiðina sem lögð er til í evruskráningu hlutabréfa. Seðlabankinn annast uppgjör viðskipta þar til það verður fært í seðlabanka í evrulandi.

Óli Kristján Ármannsson
 skrifar

Í lok vikunnar eða byrjun næstu liggur fyrir hvort farin verður sú leið sem Seðlabankinn og Verðbréfaskráning mælast til við uppgjör evruhlutabréfa hér. Einar Sigurjónsson, forstjóri OMX Verðbréfaskráningar Íslands, segir líklegast að lausn sé fundin sem allir geti sætt sig við, en bankarnir hafi hana nú til skoðunar.

Í bréfi sem Seðlabankinn ritar Verðbréfaskráningu 19. september er á það bent að þrátt fyrir að félögum hafi verið heimilað með lögum að ákveða hlutafé sitt í erlendri mynt hafi ekki verið kveðið á um hvernig ljúka ætti peningalegu uppgjöri viðskiptanna. Seðlabankinn, Verðbréfaskráning, Kauphöll og fjármálafyrirtæki hafa unnið að nýrri lausn síðan þá, en upphaflega stóð til að Landsbanki Íslands annaðist uppgjörið til bráðabirgða.

Í sama bréfi kveðst Seðlabankinn „reiðubúinn til að annast til bráðabirgða og með takmörkuðum hætti peningalegt uppgjör viðskipta með rafrænt skráð hlutabréf í evrum“.



BRÉF SEÐLABANKANS TIL VERÐBRÉFASKRÁNINGAR FRÁ 14. OG 19. SEPTEMBER SL.

Einar segir að með „takmörkuðum hætti“ vísi Seðlabankinn til þess að hann geti ekki stutt uppgjör í evrum með sama hætti og í krónum, einfaldlega vegna þess að bankinn gefi ekki út evrur. „Lausnin á hins vegar alveg að geta gengið, þetta er bara spurning um að finna bestu leiðina í henni,“ segir hann en fara á svipaða leið og ætlað var þegar stefndi í að Landsbankinn annaðist uppgjörið. „Bankarnir eru að takast á við sömu hluti og þyrfti hvort eð er að gera síðar varðandi uppgjör í annarri mynt en krónum. Þeir þurfa ákveðna fyrirgreiðslu, alveg eins og þyrfti ef farið væri í gegnum Seðlabanka Finnlands og það hjálpar bara

síðar að hafa glímt við þetta.“

Einar segir hins vegar ljóst að áfram sé að því stefnt að vera með uppgjörið til framtíðar í seðlabanka í evrulandi og að einna helst hafi verið horft til Seðlabanka Finnlands í þeim efnum, enda annist hann evru-uppgjör fyrir sænsku kauphöllina. Hann segir hins vegar ljóst að miðað við túlkun Seðlabankans á ákvæði í lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa sé sú leið ófær að sinni og útlit fyrir að breyta þurfi þeim lögum.

Fjármálastjórn jafni frekar sveiflur

Gætum horft til reynslu Belga og Hollendinga, segir sérfræðingur IMF.

Við stjórn opinberra fjármála gætum við horft til reynslu Belga og Hollendinga, segir í nýju vinnuskjali Anthony Annetts hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF). Hann bendir á að hér hafi opinber útgjöld haft tilhneigingu til að aukast í takt við hagsveiflu og ýta undir þenslu.

Belgar og Hollendingar hafa tekið upp fjármálastjórn þar sem horft er til lengri tíma en árs í senn. Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé rætt um að innleiða rammafjárlög til fjögurra ára. „Þá þarf að komast að pólitískri niðurstöðu um vægi allra útgjaldaflokka. Þetta er í deiglunni og verið að vinna að því að koma þessu í fastari umgjörð.“

Þorsteinn bendir á að einnig sé verið að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um að koma að hagstjórninni með þátttöku í svokallaðri fjármálaræglu, en ríkissjóður hefur fylgt slíkri reglu frá 2003.

Með breytingum sem þessum segir Þorsteinn horft til þess að fjármálastjórn hins opinbera í heild verði sem mest sveiflujafnandi, en bendir um leið á að tölur um niðurstöðu opinberra fjármála frá 2003 sýni að gagnrýni á að ríkissjóður hafi ekki komið nægilega að hagstjórninni með Seðlabankanum sé að nokkru óréttmæt. „Helsti vandi heildarhagstjórnarinnar varðar virkni peningamálastefunnar. Þar er kannski vandinn við verðtrygguð vextina, því vegna þeirra finna heimilin seint fyrir stýrivaxtahækkunum,“ segir hann.

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrissreikingar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	14,4%*
GBP	6,5%*
USD	5,4%*
EUR	4,7%*
CAD	4,2%*
DKK	4,4%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluauðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum um heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 31. ágúst 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-0,7%	67,2%
Bakkavör	0,7%	8,5%
Exista	0,1%	59,3%
FL Group	0,7%	6,5%
Glitnir	-0,7%	24,7%
Eimskipafélagið	2,7%	24,5%
Icelandair	-0,7%	-2,9%
Kaupþing	0,4%	40,2%
Landsbankinn	1,2%	64,2%
Straumur	-3,3%	19,5%
Teymi	3,2%	20,3%
Össur	-3,2%	-6,6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Hluthöfum Icebank fjölga

Sparisjóðir eiga 57,3 prósentu hlut í bankanum.

Breytingar hafa orðið á eignarhaldi Icebank sem sinnir sérhæfðri lánþjónustu, auk gjald-eyris- og afleiðumiðlunar og annarrar þjónustu fyrir sparisjóðina.

Stærstu hluthafarnir, BYR og SPRON sem átta yfir helming í Icebank, seldu megnið af eign sinni, en halda eftir fjórum prósentum hvor sparisjóður. Þrír minni sjóðir seldu allan hlut sinn.

Samanlagður hlutur Finns Sveinbjörnssonar, bankastjóra Icebank og framkvæmdastjór-

anna Agnars Hanssonar, Önnu Reynis, Gunnars Svavarssonar, Hafðísar Karlsdóttur og Ólafs Ottóssonar er 8,5 prósent.

Breytingarnar eru hluti af stefnu bankans og framtíðarsýn, en nýverið voru afnumdar allar takmarkanir á eignarhaldi í samþykktum bankans. Stefnt er að skráningu Icebank í Kauphöll Íslands á næsta ári.

Kaupverð og aðrir skilmálar viðskiptanna eru sagðir trúnaðarmál, en fyrirtækjaráðgjöf SPRON Verðbréfa annaðist sölu. Nýtt bankaráð verður kosið

STÆRSTU HLUTHAFAR ICEBANK

Eigandi	Eignarhlutur
Sparisjóðurinn í Keflavík	15,2%
Sparisjóður Mýrasýslu	11,7%
Fjárfestingarfélag Suðurnesjamenn	8,5%
Fjárfestingarfélagið Bergið	7,7%
Sparisj. Vestmannaeyja	5,3%
Sparisjóður Bolungarvíkur	4,6%
Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson	4,5%
Sigurður Smári Gylfason	4,5%
BYR	4,0%
SPRON	4,0%
Stjórnendur Icebank	8,5%

á hluthafafundi sem boðað verður til á næstunni. - óká

Ísland við meðtalið

Verðbólga á Íslandi mælist nú nærri meðtali EES-ríkja samkvæmt tölum Hagstofunnar yfir samræmda vísitölu neysluverðs innan EES-svæðis í september.

Samkvæmt þeim hækkadi neysluverð á Íslandi um 2,1 prósent síðastliðna tólf mánuði, en að meðtali var verðbólga í EES-ríkjum 2,2 prósent á tímabili.

Stærsti munur samræmdu vísitölnnar og þeirrar sem Hagstofan reiknar fyrir Ísland er að íbúðaverð hefur ekki bein áhrif á samræmdu vísitölu. - ss

Virði Enex eykst um 2,5 milljarða króna

Virði orku-fyrirtækisins Enex jókst á einum mánuði um 2,5 milljarða króna.

Í september síðastliðnum var hlutfélagið Enex aukið um tvo milljarða í lokuðu hlutfjárútt-



ÁSGEIR MARGEIRSSON Geysir Green keypti hlut Landsvirkjunar í Enex.

boði. Hluthöfum félagsins bauðst þá að kaupa bréf á genginu 2,6. Stærstir þeirra voru Geysir Green Energy, Landsvirkjun, Orkuveitan, Atorka. Byggðist útboðsgengið á verðmati sem Capacent vann fyrir Enex þar sem félagið var metið á 1,5 milljarða króna. Fjórföld eftirspurn var eftir bréfunum. Tæpum mánuði síðar keypti Geysir Green Energy 24,35 prósentu hlut Landsvirkjunar á genginu 3,23. Miðað við það kaupverð er félagið metið á um fjóra milljarða króna.

Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri Enex, segir muninn felast í því að hlutfjárúttboðið hafi

verið lokað. Kaup GGE á Enex-hlutnum hafi hins vegar einnig tekið mið af mati á framtíðarvirði. „Í mati Capacent var aðeins tekið tillit til fimmtán afmarkaðra verkefna hjá

Enex sem eru komin á ákveðið stig. Ekki framtíðarverkefna og verkefna skemur á veg komin, virði vörumerkisins og annarra slíkra þátta. Þegar bréf eru seld í lokuðum útboðum hvílir skylda um upplýsingagjöf en ekki um að setja fram mat á markaðsvirði hlutfjár. Í sumum tilfellum fer útboðið jafnvel fram á genginu einum.“

Lárus segir að verðmatið hefði verið unnið á annan hátt hefði verið um opið útboð að ræða. „Þá er ekki ólíklegt að matið hefði verið á borð við kaupgengi GGE. Þetta er allt spurning um væntingar þess sem kaupir um hvað framtíðin ber í skauti sér.“ - hhs

Baugur horfir á Saks

Baugur Group er meðal fjárfesta sem hafa hugsanlega áhuga á því að kaupa bandaríska munaðarvöruslunina Saks, samkvæmt Reuters. Baugur á rúman átta prósentu hlut í félaginu.

Tilkynnt var um kaup Baugs í Saks seint í júlí en kaupverð nam jafnvirði fimmtán milljörðum króna. Gengi bréfa í verslanakeðjunni stóð þá í 22 dölum á hlut en tók að hríðlækka stuttu síðar samfara óróleika á fjár-

málamörkuðum og fór lægst í 15,26 dali snemma í september. Gengið stóð í 18,6 dölum á hlut við lokun viðskipta á mánudag.

Sara Lind, upplýsingafulltrúi Baugs, vildi ekki tjá sig um áhuga félagsins á Saks og benti á að félagið hafi eignast hluti sína í versluninni yfir langan tíma. Þá vildi hún hvorki segja til um yfir hversu langt tímabili Baugur keypti hlutina í Saks né á hvaða gengi félagið keypti þá. - jab

Vinna eldsneyti úr mengandi útblæstri

Stefna að því að draga úr útblæstri álvera um 90 prósent.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Carbon Recycling International, félag í eigu bandarískra og íslenskra aðila, hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við íslenskt raforkufyrirtæki um byggingu þriggja til fimm megavatta tilraunaverksmiðju hér á landi en með tækni fyrirtækisins verður til dæmis hægt að vinna metanól úr útblæstri álvera í Helgúvík og Bakka, sem unnið er frekar yfir í bensín á óbreytta bíla og önnur ökutæki. Búnaður Carbon Recycling International tekur við útblæstri álvera áður en hann fer úr kerjum í hreinsibúnað þeirra. Gangi allt eftir er reiknað með að tæknin geti minnkað losun koltvísýringisútblásturs álvera um rúm níutíu prósent. Búið er við að sömu tækni verði hægt að nýta fyrir raforkuver erlendis sem vinna raforku úr kolum og hafa fram til þessa mengað mikið.

Fyrirtækið mun boða til fréttamannafundar á miðvikudag í næstu viku en kynna sig frekar fyrir fjárfestum á fjárfestingarþingi Seed Forum tveimur dögum síðar.

Stefnt er að því að fyrsta verksmiðjan taki til starfa að ári og geti framleitt allt að tíu þúsund lítra af metanóli á dag, sem verður unnið yfir í fimm

VINNSLA ÚTBLÁSTURS

Bensín á borð við það sem Carbon Recycling International hyggst framleiða úr metanóli sem fæst úr útblæstri álvera og annarri framleiðslu er unnið með því að ná sem mestum útblæstri úr kerjum álvera. Mikilvægt er að ná koltvísýringi í sem mengaðastri mynd.

Koltvísýringurinn er rafgreindur í kolefni og súrefni en úr vinnsluferlinu er hægt að búa til metanól. Metanól, sem í raun er tréspíri, vinandi, hefur hálftrúgildi á við olíu en við þéttingu þess er hægt að vinna úr því bensín sem setja má á bíla og önnur ökutæki.



ANDRI OTTESEN Orkufélag í eigu bandarískra og íslenskra aðila stefir að því að hefja framleiðslu á metanóli úr útblæstri álvera á næsta ári. Markaðurinn/GVA

þúsund lítra af bensíni. Búið er að ljúka gerð tilraunaverksmiðju sem gefur af sér nokkrar lítra á dag af metanóli.

Á bak við Carbon Recycling International standa meðal annars Nóbelsverðlaunahafi í efnafræði árið 1994 og yfirmaður Mars-verkefnis bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA) auk fyrrum forstjóra bandarísku orkufyrirtækis og fjögurra íslenskra prófessora í orku- og umhverfisfræðum. Þá er á bak við það íslenskt olíufélag, bankar og um þrjátíu einstakir fjárfestar sem eru flestir Íslendingar.

Andri Ottesen, framkvæmdastjóri Klaks nýsköpunarmiðstöðvar, segir forsvarsmenn félagsins hafa fundað með íslenskum ráðamönnum og hafi margir þeirra lýst yfir velvilja og ánægju með tækni fyrirtækisins. Hann segir mikla grósku í orkugeiranum um þessar mundir þar sem heimsmarkaðsverð á eldsneyti sé í hæstu hæðum auk þess sem reiknað sé með að olíulindir heimsins muni einungis gefa af sér til næstu hundrað ára í viðbót. Mýmargir möguleikar séu því í skoðun víða um heim til að búa til orkugjafa fyrir bíla í stað olíu.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

ENSK BOLTINN

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum



PIPAR • SIA • 71959

TIL HAMINGJU MEÐ VERSLUNAR- OG LAGERRÝMIÐ

Við hjá Rými óskum R. Sigmundssyni til hamingju með nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar.
Við erum stolt af að geta bætt R. Sigmundssyni í stóran hóp þeirra fyrirtækja,
sem velja vandaðar fyrsta flokks innréttingar fyrir verslanir og lagerrými sín.



Innköllun var Mattel dýr

Hagnaður bandaríska leikfangaframleiðandans Mattel nam 236,8 milljónum dala, jafnvirði tæpra 14,3 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi.

Þetta er eins prósent samdráttur frá sama tíma í fyrra þrátt fyrir þriggja prósentu söluaukningu. Samdrátturinn skrifast að mestu á kostnað vegna innkallana á tuttugu milljónum leikfanga sem framleidd voru undir merkjum Mattel í Kína. Of mikið af blýi var í málningu þeirra auk þess sem litlir seglar voru í einhverjum þeirra, sem geta reynst smábörnum lífshættulegir. Þótt fyrirtækið telji sig hafa brugðist of harkalega við fréttunum á sínum tíma hafi öryggisreglur verktaka þess í austurvegi verið hertar til muna.

Reiknað er með að kostnaður Mattel vegna þessa hlaupi á 40 milljónum dala, jafnvirði rúmra 2,4 milljarða íslenskra króna. - jab



Baugur vill hluti fyrrverandi forstjóra

Forsvarsmenn Baugs Group í Bretlandi eru sagðir bera vurnar í Jurek Piasecki, stofnanda og fyrrum forstjóra skartgripakeðjunnar Goldsmiths, næststærstu skartgripakeðju Bretlands í aldarfjórðungi, um kaup á hlutum hans í keðjunni.

Baugur festi sér meirihluta í Goldsmiths í félagi við Kaldbak hf., Feng hf., sem nú heitir Fons og þeir Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson fara fyrir, og Bank of Scotland fyrir þremur árum og greiddi fyrir 110 milljónir punda, jafnvirði 14,4 milljarða króna, að þávirði.

Baugur sagði Piasecki óvænt



upp störfum seint í september og setti nýjan forstjóra í hans stað. Forstjórinn fyrrverandi situr enn á 15 prósentu hlut í Goldsmiths, sem verðlagður er á um 12 milljónir punda, jafnvirði 1,5 milljarða króna.

Breska dagblaðið The Observer segir litlar líkur á að Piasecki gangi fús að boði Baugs enda sé hann sterkefnaður og eigi Baugi litlar þakkir fyrir.

- jab

Ein verzlana Goldsmiths Baugur, sem á meirihluta í annarri stærstu skartgripakeðju Bretlands, er sagður vilja kaupa alla hluti brottekens forstjóra.

Olíuverð aldrei hærra

Heimsmarkaðsverð á hráolíu snarhækkaði á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum á mánudag. Það fór í hæstu hæðir samhliða vaxandi spennu í Tyrklandi og kulda í Bandaríkjunum, sem eykur alla jafna eftirspurn eftir olíu til húshitunar. Þetta olli því að olíutunnan fór í rúma 86 dali, sem er hæsta verð sem nokkru sinni hefur verið greitt fyrir svartagull og stóð það enn í methæðum í gær.

Aukin eftirspurn eftir olíu og eldsneyti á nýmörkuðum, svo sem á Indlandi og Kína, hefur keyrt verðið upp síðastliðin sex ár og hefur verð á olíutunnu fjórfaldast á sama tímabili.

Fréttastofa Reuters hafði eftir fjármálasérfræðingi hjá bandaríska bankanum Citigroup á mánudag að hann sæi ekki fram á mikla lækkingu í



OLÍUFRAMLEIÐSLA Í BNA Olíuverð stendur í hæstu hæðum um þessar mundir. Sérfræðingar spá frekari hækkun. MARKAÐURINN/AFP

bráð og útilokaði ekki að olían gæti farið í allt að 90 dali á tunnu á næstunni. - jab

Räikkönen launahæstur

Formúlumótaröðinni lýkur um helgina. Allt stefnir í að McLaren-liðið verði það tekjuhæsta við keppnislok.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar



Formúlukeppnin verður tekjuhæsta íþróttgrein í heimi í ár ef allt gengur eftir áætlun um næstu helgi þegar flaggið fellur í síðasta sinn á þessu tímabili. Reiknað er með að tekjurnar nemi 4,3 milljörðum dala, jafnvirði 260 milljarða króna á tímabilinu. Þetta er 300 milljónum dala meira en í fyrra. Akstursíþróttin, sem fer fram víða um heim, er ein af vinsælustu íþróttgreinum í heimi en talið er að tæplega sex hundruð milljónir manna fylgja með henni á hverju ári.

Mestar líkur eru á að McLaren-liðið verði það ríkasta þegar yfirstandandi mótaröð lýkur, en það hefur tekið tæpa 27 milljarða króna í kassann á keppnistímabilinu. Fast á hæla McLaren kemur Toyota-liðið, sem tók inn 84 milljónum krónum minna. Spyker-liðið, sem í síðasta mánuði var selt til indverska kaupþýslumannsins Vijay Mallya, rekur lestina með rétt rúma 3,2 milljarða króna. Til samanburðar námu tekjur Real Madrid, ríkasta knattspyrnufélags í heimi, 292,2 milljónum evra, jafnvirði 25 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári.

Af einstökum ökuþörum er Finninn Kimi Räikkönen tekjuhæstur en reiknað er með að hann fái á bilinu 32 til 40 milljónir dala, jafnvirði rúmra 1,9 til 2,4 milljarða íslenskra króna, í vasaann á keppnistímabilinu. Gangi björtustu vonir hans eftir verður hann þrátt fyrir það hálfdrættlingur á við sjöfalda heimsmestaráran, Michael Schumacher, sem

Formúlan – tekjuhæsta íþróttgreinin

Lokamótið í Formúlu 1 fer fram um næstu helgi. Reiknað er með að tekjurnar í ár nemi rúmum 4,3 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 260 milljarða íslenskra króna. Þar af eru auglýsingatekjur einar 834 milljónir dala. Gangi allt eftir verður McLaren tekjuhæsta Formúlulíðið í ár.



Fjárhagsliðir formúlulíða (áætlun 2007):

McLaren	26.870 m.kr.	Williams	8.011 m.kr.
Toyota	26.786 m.kr.	Toro Rosso	5.103 m.kr.
Ferrari	22.834 m.kr.	Super Aguri	4.681 m.kr.
Renault	22.346 m.kr.	Spyker	3.197 m.kr.
Honda	20.717 m.kr.	Total	168.996 m.kr.
BMW	19.884 m.kr.		
Red Bull	8.560 m.kr.		

© GRAPHIC NEWS Heimild: Formulamoney

Hamilton fær auk þessa 20 þúsund dali fyrir hvern punkt í keppni. Hann er með 107 punkta nú þegar.

tók inn áttatíu milljónir dala á frá frekari keppni í Formúlunni ári áður en hann dró sig í hlé í fyrra.

Nefskattur vofir yfir erlendum fjárfestum

Svo getur farið að fólk af erlendu bergi brotið sem býr í Bretlandi og greiðir enga skatta vegna tekna af fjárfestingum utan landsteina þurfi að greiða 30 þúsund pund, 3,7 milljónir íslenskra króna, frá og með apríl á næsta ári.

Tillögur þessa efnis voru kynntar í drögum að fjárlagafrumvarpi bresku ríkisstjórnarinnar í síðustu viku. Breska blaðið Sunday Times tekur dæmi af auðkífingum á borð við rússneska olígarkann



ROMAN ABRAMOVICH

Roman Abramovich, eigandi knattspyrnuliðsins Chelsea, og indverska stálkónginn Lakshmi Mittal, einn ríkasta manns sem búsettur er í Bretlandi. Þeir greiða ekki skatta í Bretlandi enda tekjuhlíðar þeirra að mestu utan landsteinanna.

Tekið er fram upp í frumvarpinu að erlendir atvinnurekendur þurfi að hafa verið búsettir í Bretlandi í sjö ár og geta sýnt fram á hagsmuni sína erlendis áður en nefskatturinn er settur á þá í stað almennrar skattlagningar. - jab

Prentaðu í svart-hvítu

PagePro 1400W



PagePro 1400W

Afköst: 16 bls/mín í svart-hvítu
Prentstýring: Windows prentun
Tölvutengi: USB
Pappirsstærðir: A5 – A4
Pappirsþykkt: 60 – 163 g/m²

Tilboðsverð: 13.900 kr.

PagePro 1350E



PagePro 1350E

Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu
Prentstýring: PCL5e/PCL6
Tölvutengi: USB, Parallel
Pappirsstærðir: A5 – A4
Pappirsþykkt: 60 – 163 g/m²

Tilboðsverð: 29.900 kr.

Prentaðu í lit

magicolor 2400W



magicolor 2400W

Afköst: 20 bls/mín í svart-hvítu, 5 bls/mín í lit
Prentstýring: Windows prentun
Tölvutengi: USB
Pappirsstærðir: A5 – A4
Pappirsþykkt: 60 – 200 g/m²

Tilboðsverð: 39.900 kr.



KONICA MINOLTA



magicolor 5450D

Afköst: 25 bls/mín í svart-hvítu, 25 bls/mín í lit
Prentstýring: PCL5c, PCL6, PostScript
Tölvutengi: USB, parallel, netkort, PictBridge
Pappirsstærðir: A5 – A4
Pappirsþykkt: 60 – 210 g/m²

Tilboðsverð: 219.900 kr.

KJARAN
TÆKNIBÚNAÐUR

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 60 stundir/40 klukkustundir. Kennst fjóra daga í viku kl. 13:00-16:00.
Verð: 59.900 Hefst 5. nóvember

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reyngu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugt við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennst er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stundir/60 klukkustundir.
Verð: 79.900. Morgunám hefst 23. október

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900 - Kvöldnámskeið

Photoshop Elements

Komdu á kvöldnámskeið og lærðu að vinna ljósmyndirnar þínar eins og fagmennirnir gera. Photoshop Elements hefur alla helstu kosti Photoshop og er auðlært og öflugt.

Lengd: 13 stundir/9 klst.
Verð: 16.900. Kvöldnám hefst 8. nóvember

Vefsíði og grafík



Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash til þess að læra að búa til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 24.900

Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 29.900

DreamWeaver vefsíðugerð

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

Lengd: 27 stundir/18 klst. Verð: 29.900

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 99.900 staðgr. Kennst má./mi./fö. 9:00-12:30. Hefst 5. nóv.

Excel I og II

Vertu betri með því að velja Excel námskeið hjá okkur. Við erum með ítarlegasta grunnnámið og kraftmikið framhaldsnám.

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 24.500

Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotkun

Kraftmikið námskeið fyrir þá sem hafa notað Excel um tíma og þekki vel grunninn. Þættir er verulega við þekkingu á flóknum föllum, listavinnslu, pivot töflum, myndritum, tengingu skjala, gagnagrunnsfyrirspurnum ofl..

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 29.900

Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk.

Yfirgripsmikið framhaldsnámskeið sniðið að þeim sem vinna við fjármál fyrirtækja, endurskoðun og bókhald. Áhersla er lögð á söfnun og úrvinnslu gagna úr bókhaldskerfum með tengingu, viðskiptaföllum, veltitöflum (Pivot) og framsetningu flókinnna myndrita.

Lengd: 18 stundir/12 klst. Verð: 36.500

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Windows Vista fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500
Excel III: Fjölvir og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 8 stundir/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

Outlook

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

Vefsíðugerð

DreamWeaver 8 vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
Microsoft Expression Web • 27 stundir/verð 29.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 29.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

Windows

Windows XP framhaldsnámskeið • 9 st./verð 12.900

Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

Ný námskeið eru merkt með rauðum lit

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000

- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar
- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



Forsetinn talar fyrir atvinnulífið

Ólafur Ragnar Grímsson segir að þjóðin verði að gera það upp við sig hvort hún vilji að forseti Íslands beiti sér fyrir því að styrkja stöðu Íslands á heimsvettvangi, hvort sem er á sviðum viðskipta, vísinda, tækni eða menningar, eða sé fyrst og fremst til heimabruks. *Björgvin Guðmundsson* fór yfir verkefni forseta Íslands það sem af er þessu ári.

Sé litið yfir feril Ólafs Ragnar fyrstu tíu mánuði þessa árs sést að hann hefur beitt sér mjög fyrir því að opna dyr íslenskra athafnamanna víðs vegar um heiminn. Af samtölum við forystumenn íslenskra fyrirtækja sem starfa á erlendum vettvangi er ljóst að framlag forsetans hefur oft skipt máli. Pólitísk kænska forsetans gerir honum líka kleift að nýta sér fundi, eins og með forseta Kína, til að hvetja embættismenn, þar sem afstaða ráðamanna skiptir miklu máli, til að beita sér í þágu íslenskra fyrirtækja. Á fundum vitnar hann iðulega í samtöl sín við háttsetta ráðamenn til að sannfæra viðstadda um tækifærin sem liggja í samstarfi við Íslendinga.

Forsetinn hefur verið gagnrýndur fyrir að nota embættið með þessum hætti. Séu þessi verk hans hins vegar skoðuð í víðu samhengi má sjá að að þessi áhersla hans er aðeins einn þáttur í starfi forsetans. Iðulega tengir hann saman uppákomur á vegum fyrirtækja erlendis við aðrar heimsóknir

þar sem rætt er um menntun, forvarnir, menningarmál eða samfélagsmál.

Ólafur Ragnar Grímsson hefur á fundum og í ræðum lagt mesta áherslu á orku- og loftslagsmál. Þar telur hann Íslendinga eiga sóknarfæri á alþjóðlegum vettvangi og fyrir því vill hann beita sér í embætti.

Efni funda forseta Íslands

Forseti Íslands hefur átt um 150 fundi með hinu og þessu fólki það sem af er þessu ári. Fundirnir hafa bæði verið héraendis og erlendis. Greint er frá helstu umræðuefnum fundanna á heimasíðu forsetaembættisins. Þau skiptast í þá meginflokkar sem sjást hér til hliðar. Inni í þessari flokkun eru ekki þau fjölmörgu erindi og ávörp sem forsetinn hefur haldið á árinu við ýmis tækifæri.

Umræðuefni	Tíðni
Orkumál/loftslagsmál	42
Viðskipti milli landa	34
Vísinda- og menntamál	24
Samfélagsmál	18
Menningarmál	12
Íþróttir og forvarnir	8
Próunarstarf	7
Alþjóðamál	6

Utanlandsferðir forseta Íslands á árinu 2007

1 22. janúar 2007 NÝJA-DELÍ INDLAND

Forseti Íslands flytur ræðu á alþjóðlegri ráðsetefnu um sjálfbæra þróun og tekur sæti í Þróunarráði Indlands.

2 30. janúar 2007 EDINBURG SKOTLAND

Ólafur Ragnar Grímsson fundar með Bill Gates og ræðir meðal annars viðskiptatækifæri á Íslandi.

3 9. febrúar 2007 KAUPMANNAHÖFN DANMÖRK

Ólafur Ragnar flytur ræðu á málþingi Dansk Industri og Dansk-íslenska verslunarráðinu í Kaupmannahöfn ásamt Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group, og Herði Arnarsyni forstjóra Marel.

4 23. febrúar 2007 OSLÓ NOREGUR

Forseti Íslands heimsækir höfuðstöðvar ýmissa fyrirtækja í Noregi eins og Glitnis, BNBank, Kaupþings, Norsk Hydro og Actavis.

5 29. mars 2007 WASHINGTON BANDARÍKIN

Forsetinn ræðir við bandaríska ráðamenn um samstarfsverkefni um endurnýjanlega orku og baráttu gegn loftslagsbreytingum. Einnig er hann með fyrirlestur í Harvard.

6 3. maí 2007 KAUPMANNAHÖFN DANMÖRK

Ólafur Ragnar Grímsson opnar nýja skrifstofu FL Group í Kaupmannahöfn og ræðir nýja áfanga í útrás íslenskra fyrirtækja. Þá ræðir hann um mikla möguleika sem felast í nýtingu á hreinni orku.

7 27. apríl 2007 MANITOBA KANADA

Ólafur Ragnar fer yfir sameiginleg viðskiptatækifæri sem eru til staðar fyrir Íslendinga og Kanadamenn. Þar eru einnig Halldór J. Kristjánsson frá Landsbankanum og Magnús Þorsteinsson frá Eimskip.

8 4. júní 2007 MONTE-CARLO MÓNAGO

Forseti Íslands situr samráðsfund leiðtoga evrópskra smárikja um umhverfismál þar sem rætt er um hættur sem yfirvofandi loftslagsbreytingar skapa mannkyninu.

9 28. júní 2007 ISTANBÚL TYRKLAND

Ólafur Ragnar Grímsson fjallar á þingi OECD um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og þann lærdóm sem draga má af nýtingu Íslendinga á endurnýjanlegum orkugjöfum eins og jarðhita.

10 5. september 2007 NEW YORK BANDARÍKIN

Ólafur Ragnar opnar skrifstofu Glitnis í New York. Sagt frá því að Iceland American Energy sé að hefja boranir í þjóðgarði Kaliforníu og ætli að leggja hitaveitu á skíðasvæði ríkisins.

11 11. september 2007 LEEDS ENGLAND

Forseti Íslands opnar skrifstofu Eimskips í Leeds sem sögð er sú umhverfisvænasta í Bretlandi. Leggur áherslu á orkusparnað á viðskiptalegum forsendum.

12 19. september 2007 BÚKAREST RÚMENÍA

Forsetinn fer í opinbera heimsókn til Rúmeníu og viðskiptasendinefnd fulltrúa 25 fyrirtækja fylgir honum. Lýsir vilja þarlandra ráðamanna til að eiga samstarf við Íslendinga um orkumál. Viðstaddur opnun starfsstöðva Lýsis, íslenskra byggingaverktaka og Askar Capital.

13 25. september 2007 WASHINGTON BANDARÍKIN

Forseti Íslands flytur ræðu í Harvard háskóla í fyrirlestraröð um framtíð orkunnar. Í sömu ferð kom hann fyrir orkunefnd öldungardeildar Bandaríkjaþings og ræddi nýtingu jarðhita. 28. september kynnti hann Bill Clinton, ásamt Guðmundi Þóroddssyni, áform REI að fjárfesta í jarðvarmaverkefni í Afríku.

14 2. október 2007 PEKING KÍNA

Ólafur Ragnar fundar með forseta Kína og ræðir víðtækt samstarf á mörgum sviðum. Hann opnar frystigeymslu í Qingdao og er viðstaddur undirritun samnings ORF-líftækni við kínverskt lyfjafyrirtæki. Þá heimsækir hann Landsbankann í Hong Kong og er viðstaddur opnun skrifstofu Össurar í Sjanghai.

15 13. október 2007 LOS ANGELES BANDARÍKIN

Ólafur Ragnar Grímsson opnar höfuðstöðvar Iceland America Energy, sem er dótturfélag Enex, í Los Angeles. Félagið vinnur að byggingu gufaflsvirkjana í Kaliforníu.

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner



Cayenne Turbo, 500 hö.

Við hættem ekki að leika okkur af því að við verðum gömul.

Við verðum gömul af því að við hættem að leika okkur.

Porsche Cayenne.



PORSCHE

**Bílabúð
Benna**

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

Upplýsingatæknifyrirtæki s

Samþjoppun á sér stað í upplýsingatæknigeiranum og víglínur skýrast. Fyrir helgi bar hér upp á sama dag stórbreytt kaupum á TM Software og Teymi skerpir áherslur með sölu á bróðurparti í Hands Holding. Óli Kristján Ármannsson kerfum ehf. til Frosta Bergssonar.

Sjö mínútur liðu á milli tilkynninga um miklar breytingar hjá tveimur stærstu upplýsingatæknisamstæðum landsins síðasta fimmtudag. Sjö mínútur yfir níu að morgni kom tilkynning frá Nýherja um kaup á 77 prósent hlut í TM Software af Straumi, FL Group og Tryggingamiðstöðinni og tilboð annarra til hluthafa um kaup á því sem eftir stendur.

NÝHERJI

Dótturfélög:

Hugbúnaðar- og ráðgjafar fyrirtækið AppliCon / Viðskiptaráðgjafar fyrirtækið ParX / Klak nýsköpunarmiðstöð / Hugbúnaðar- og greiðsluferfyrirtækið SimDex / Framleiðsluhugbúnaðar fyrirtækið AGR með dótturfélög í Danmörku og í Bretlandi / Hugbúnaðarlausnaryrirtækið Hópvinnukerfi / Upplýsingatæknisamstæðan TM Software með Skyggni, Origo, Vigor, eMR og IPT innanborðs / Þjónustulausnir í stafrænu umhverfi í verslun Sense.

Stærstu hluthafar:

1 Vogun hf.	28,8%
2 Áning-fjárfestingar ehf.	13,9%
3 Benedikt Jóhannesson	9,3%
4 Gildruklettur ehf.	8,9%
5 Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	5,2%
6 Nýherji hf.	4,8%
7 Benedikt Sveinsson	3,9%
8 Den Danske Bank A/S	3,6%
9 Audur Invest Holding SA	2,3%
10 Þórður Sverrisson	2,3%

Klukkan fjórtán mínútur gengin í tíu kom svo tilkynning Teymis um kaup á öllu hlutafé í Landsteinum Streng og Hugi Ax, um leið og félagið seldi riflega 80 prósent af eignarhlut sínum í Hands Holding hf.

Eftir stendur að Nýherji er í sókn og bætir við starfsemi sína um leið og Teymi skerpir áherslur í rekstri sínum með áherslu á innanlandsmarkað. Félagin tvö eru stærst á upplýsingatæknimarkaði hér. Í Hands Holding situr svo eftir rekstur utan landsteinanna Hands ASA í Noregi, Kerfi A/S í Danmörku, Kerfi AB í Svíþjóð, SCS inc. í Bandaríkjunum, og Aston Baltic í Lettlandi.

Tilviljun réð því að viðskipti þessara félaga gengu í gegn á svo til sama tíma og vakti nokkra kátínu í geiranum. Í tímasetningunni endurspeglast hins vegar þær hræringar sem eiga sér stað á þessum markaði og ljóst að hér, líkt og gerst hefur á meginlandi Evrópu síðustu ár, á sér stað samþjoppun í upplýsingatæknigeiranum. Í hrókeringum Teymis fólst svo

líka sala á starfsemi Opinna kerfa hér á landi út úr Opnum kerfum Group. Frosti Bergsson fjárfestir, sem áður stýrði Opnum kerfum og seldi

tæplega fimmtungshlut hlut sinn í grúppunni árið 2004, festi kaup á Opnum kerfum ehf. fyrir 1,8 milljarða króna. Lokið var við áreiðanleikakönnun vegna kaupanna síðla dags á föstudag.

Salan á TM Software kom ekki á óvart í upplýsingatæknigeiranum enda mat manna að fyrirtækið væri í nokkurri vörn í rekstri sínum. Í vor gekk í gegn sala á Maritech, dótturfyrirtæki TM Software, til AKVA Group í Noregi, en nokkrum mánuðum fyrr hafði verið skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup AKVA á sjávarútvegshluta Maritech. Þá áttu sér stað rétt fyrir síðustu áramót breytingar í yfirstjórn TM Software og Friðrik Sigurðsson, forstjóri félagsins til tuttugu ára, lét af störfum.

Töluverð samlegðaráhrif þykja hins vegar með Nýherja og TM Software en það síðarnefnda verður rekið sem dótturfélag Nýherja. TM Software er svo móðurfélag fimm félaga: Skyggni, Origos, Vigors, eMR og IPT.

Tvennt er hins vegar unnið með viðskiptum Hands Holding og Teymis. Hjá Teymi verður reksturinn gegnsærri og skugginn af ábyrgðum vegna Hands Holding væntanlegra álittegru fjárfestingarkostur á markaði. Þá verða áherslur Teymis líka skarpari í því að félagið einbeitt sér að heimamarkaði eftir að hafa keypt út úr Hands Holding allan íslenskan rekstur. Um leið eru Opin kerfi hér heima seld frá samstæðunni og losnar þar um núning milli Opinna kerfa og EJS innan samstæðunnar, en milli þessara tveggja fyrirtækja hefur ætíð verið mikil samkeppni. Síðan á eftir að koma í ljós hvaða stefnu Hands Holding tekur með erlendar eignir sínar.

TEYMI

Dótturfélög:

Fjarskiptafyrirtækið Vodafone / Lág-gjaldasímafyrirtækið SKO / Farsímafyrirtækið Kall í Færeyjum / Sölu- og þjónustufyrirtækið Mamma / Ráðgjafar- og hugbúnaðar fyrirtækið Kögun / Tölvu- og upplýsingatæknifyrirtækið EJS / Hugbúnaðar- og rekstrarþjónustufyrirtækið Skýrr / Hugbúnaðar- og lausnaryrirtækið Landsteinar Strengur / Hugbúnaðarlausnaryrirtækið Hugar/Ax.

Stærstu hluthafar:

1 Baugur Group hf.	24,5%
2 LI-Hedge	10,5%
3 Rannur ehf.	9,6%
4 FL GROUP hf.	6,2%
5 Teymi hf.	5,8%
6 Milestone ehf.	5,6%
7 Fons hf.	5,5%
8 Arion safnreikningur	3,8%
9 Atorka Group hf.	3,3%
10 Þórdís Jóna Sigurðardóttir	3,0%

Teymi horfir til heimamarkaðar

Eins og sakir standa horfir Teymi fyrst og fremst til upplýsingatæknimarkaðar hér heima, að sögn Ólafs Þórs Jóhannessonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs félagsins. Hann segir horfur góðar í starfseminni og ánægju með viðskipti síðustu viku.

Áherslur voru skerptar í starfsemi félagsins með kaupum á öllu hlutafé Landsteina Strengs og Hugar Ax síðasta fimmtudag og með sölu á 80 prósent hlut í hlutdeildarfélaginu Hands Holding. Eftir þau viðskipti á Teymi 14,5 prósent í Hands Holding og nemur bókfært verð 101 milljón króna. Ábyrgð Teymis á skuldbindingum Hands Holding lækkaði hins vegar úr 7,5 milljörðum króna og nemur nú um 2,7 milljörðum.

Ólafur segir Teymi allar götur hafa haft mjög mikinn áhuga á þeim einingum sem keyptar voru út úr Hands Holding. „Við höfum ekki verið að sinna þeirri þjónustu sem þessi fyrirtæki bjóða nema að mjög takmörkuðu leyti innan Teymis fram til þessa. Í sjálfu sér fyllum við með þessu upp í þjónustuframboð.“

Hina hliðina á skildingnum segir Ólafur snúa að skuldbindingum og eignarhaldi á Hands Holding. „Við höfum þar verið með tæplega 49 prósent eignarhluta og verið í ábyrgðum fyrir skuldbindingum Hands Holding út af skiptingunni sem átti sér stað í fyrra,“ segir hann og vísar til þess þegar félaginu Dagsbrún var skipt upp í upplýsinga- og fjarskiptahlutann Teymi og fjölmiðlafyrirtæk-



STADAN TEKIN HJÁ TEYMI Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Teymis, og Árni Pétur Jónsson forstjóri fara yfir stöðuna eftir fyrirtækjakaup og breytingar í síðustu viku. MARKAÐURINN/GVA

íð 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið og Markaðinn. „Núna minnkuðu þær ábyrgðir verulega, bæði samhlíða þessum viðskiptum og öðrum sem áttu sér stað innan Hands Holding, svo sem með sölu á Opnum kerfum.“

Ljóst er hins vegar orðið að Teymi og Nýherji eru stóru leikendurnir á sviði upplýsingatækninnar hér. „Þess vegna var náttúrulega mjög sérstakt að tilkynningar um viðskipti félaganna skyldu lenda á sama deginum. En þetta segir okkur kannski að enn meiri vakning sé að verða fyrir upplýsingatækni og hún að ná sér á strik aftur. Það er ekki langt síðan þessi

geiri fór ansi illa í netbólutalinu öllu.“

Ólafur segir að innan Teymis horfi menn bjartsýnir fram á veginn enda standi að félaginu fyrirtæki sem eigi sér bæði langa og farsæla sögu. „Innan upplýsingatæknigeirans eru engin vandamál og félagin okkar að gera góða hluti. Kögun hefur unnið upp tekjutapið sem varð við brotthvarf hersins og hefur verið að vaxa töluvert með veflausnum Eskils og Inn. Í EJS höldum við náttúrulega utan um gríðarlega öflugt vörumerki Dell og Skýrr er á mjög góðri leið með sína þjónustu og að skila sínu besta ári frá upphafi.“

Endurkom


Frosta Bergsson hefur keypt

Létt var yfir Frosta Bergssyni eftir að hafa fengið aftur í faðm sinn afkvæmið Opin kerfi, en rétt fyrir síðustu helgi var endanlega gengið frá kaupum hans á félaginu fyrir 1,8 milljarða króna.

Félagið var áður í sameiginlegri eigu Teymis og Hands Holding og hluti af Opnum kerfum Group. Frosti segir engrar byltingar að vænta hjá félaginu í kjölfar kaupanna. „En við horfum náttúrulega til þess að bæta reksturinn enn frekar og skapa okkur sérstöðu með því að veita afburðaðþjónustu,“ segir hann. Þá segir Frosti engin vandamál tengd því að skilja Opin kerfi frá útrásarverkefnum sem frá félaginu uxu á sínum tíma undir heitinu Kerfi, bæði í Danmörku og Svíþjóð. „Þetta voru allt sjálfstæðar einingar. Opin kerfi ehf. er hins vegar grunnurinn sem gerði möguleg á sínum

skipulag&hönnun

MIÐVIKUDAGUR 17. OKTÓBER 2007



MYND/GVA

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.

Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur
Sími 520 4545 / www.prodomo.is
prodomo@prodomo.is


PRODOMO



Samstarf við rottur og svín

Sænska hönnunarteymið Front hefur vakið verðskuldada athygli. Gripir eins og hestlampi, grísabakki og rottuveggfóður eru dæmi um hugmyndaflug þessara sænsku hönnuða sem fyrst leiddu saman hesta sína á námsárunum.

Teymið var formlega stofnað árið 2003 og heldur til í Stokkhólmi.

Meðal verka Front má nefna húsgögn sem gerð eru í samstarfi við rottur en þær hafa nagað munstur á veggfóður, hestampa og grísabakka.

Einnig má nefna nýstárlega línu þar sem hátalari er í formi kristalvasa, mp3-spilari tálgaður í við og geislaspilari er úr gleri.

Nánari upplýsingar er að finna á www.frontdesign.se.



Annað glas gert úr gömlum gleraugum.

Gamlir hlutir fá nýtt hlutverk

Listamaðurinn og hönnuðurinn Stuart Haygarth hefur á undanfönum árum tekist að skapa sér nafn í listaheiminum með því að finna gömlum hlutum nýtt hlutverk.

Með því segist listamaðurinn vilja gefa hlutum sem oft eru sniðgengnir alveg nýja merkingu. Jafnframt því öðlast þeir auknið vægi.

Þannig hannar Haygarth ljósakrónur úr pennum, einnota glösum, gleraugum og töppum svo dæmi séu tekin. Verk hans hafa verið sýnd um allan heim og hlotið mikið lof.

365

Forsíðumynd: Gunnar V. Andrésson tók myndina af Signýju Kolbeinsdóttur
Útgáfufélag: 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími: 512 5000
Ritstjóri: Roald Eyvindsson
Ábyrgðarmaður: Hrnannar Helgason.
Blaðið er unnið í samstarfi við Íslandsmót ehf.

Tími til kominn að fólk hætti pukrinu og tjái sig

Arna S. Guðbrandsdóttir heldur úti nýrri bloggsíðu þar sem rætt er af hispursleysi um íslenskan arkitektúr og málefni líðandi stundar.

„Ég fór af stað með síðuna þar sem mér fannst málefnið bæði spennandi og eins af því að það vantaði almennilegan umræðuvettvang,“ segir Arna Ösp Guðbrandsdóttir, BA í arkitektúr frá hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, um bloggsíðu sína.

Á síðunni leiðir Arna hugann að arkitektúr, bendir á áhugaverðar upptökur, deilir sinni sýn á borgina og er ófeimin við að tjá skoðanir sínar á því sem hún kallar hápólitískt fag.

„Arkitektúr er pólitískt, flókið og erfitt fag, sem fólk er feimið við að ræða,“ segir hún. „Það er eins og fólk þori ekki að vera reitt



Arna uppi við húsvegg á Spítalastíg sem henni þykir prýði að vegna teikninganna.



„Arkitektúr er pólitískt, flókið og erfitt fag, sem fólk er feimið við að ræða,“ segir Arna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og hafa skoðanir á hlutum, af því að það þarf hugsanlega að éta þær aftur ofan í sig seinni.

Mér finnst hins vegar í lagi að vera óhrædd við endurskoða afstöðu mína. Stjórnmalámennt eru alltaf að því.“

Arna telur samfélagið allt stjórnað af hræðslu við að tjá sig um stór málefni, hugsanlega af því það kunnir að skapa því óvild hjá valdamiklum aðilum. Það sést til dæmis í orkumálinu, sem sé afleiðing þess að fólk þori ekki að tjá sig fyrir en það er of seint. Skortur á faglegri umræðu um arkitekt-

úr á Íslandi sé einn angur þessarar hræðslu.

„Arkitektar á öllum aldri hafa hrósað mér fyrir síðuna,“ bendir hún á máli sínu til stuðnings. „Hins vegar gera þeir það í tölvupóstum og þora ekki enn að koma fram undir nafni á sjálfri síðunni þar sem allir geta lesið það. Vonandi mun það breytast.“

Kannski fussa einhverjir inni á kaffistofum úti í bæ án þess að ég viti af. Mér er þá líka alveg sama.“

Arna óttast ekki slæm viðbrögð og segist þvert á móti kalla eftir

gagnrýnum skoðunum á síðunni. Enda sé markmiðið að skapa lifandi vettvang þar sem fólk gefst færi á að fylgjast með því sem er að gerast, móta sér skoðanir og fylgja þeim eftir. Áður en það er of seint.

„Hlutirnir gerast hratt í augum þeirra sem ekki fylgjast með,“ segir hún. „Þess vegna skiptir máli að vera vakandi fyrir umhverfinu og því sem er að gerast allt í kringum okkur.“

Þeim sem vilja fylgjast með er bent á síðu Örnú, www.123.is/reykjavik-city.

roald@frettabladid.is

Líkust súrrealískum draumi

Signý Kolbeinsdóttir hönnuður snýr aftur með ný póstkort eftir þriggja ára hlé.

Hönnuðurinn Signý Kolbeinsdóttir vakti athygli fyrir þremur árum fyrir póstkort með litríkum englamyndum. Síðan þá hefur lítið spurst til þessarar hæfileikaríku ungu konu, sem sat þó ekki aðgerðalaus heldur starfaði á auglýsingastofu ásamt fleiru. Nú er hún mætt aftur til



Tókýó Tako, sem þýðir Tókýó kolkraabi, teiknaði Signý í Japan.

leiks með nýja póstkortalínu og englarnir góðu hvergi sjáanlegir.

„Ég var bara orðin rosaalega löt og alveg við það að hætta,“ viðurkennir Signý. „Svo fór ég til Tókýó fyrir stuttu og varð fyrir svo miklum áhrifum af borginni að ég settist niður eitt kvöldið og fór aftur að teikna. Umhverfið er náttúrulega alveg ótrúlegt og sterkir litirnir hreinlega æpa alls staðar á mann.“

Á meðan Signý var úti í Japan fékk hún fregnir af andláti vinar síns, sem hafði glímt við hvítblæði um árabil. Hún segir að fréttirnar hafi átt sinn þátt í því að hún ákvað að halda áfram með póstkortin.

„Fyrsta englakortið var nefnilega gert fyrir hann sem svona láttu-þér-batna kort þegar hann greindist fyrir nokkrum árum. Svo urðu englakortin fyrir hann fleiri og enduðu sem lína,“ segir Signý.

Japönsk áhrif eru áberandi á póstkortunum, en Japan var í miklu uppáhaldi hjá vini Signýjar ekki síður en henni sjálfri. Hún hefur tileinkað vini sínum fyrsta kortið í nýju línunni. Englana er hins vegar hvergi að finna.

„Nei. Kannski eru þetta bara



Signý Kolbeinsdóttir vinnur nú að nýjum póstkortum sem verða til sýnis á Hönnun + heimili 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

afkvæmi englanna,“ segir Signý og leggur áherslu á túlkun áhorfenda á myndefninu, sem er oftast en ekki tvírætt.

Til marks um það bendir hún á viðfangsefni fyrsta kortsins Tókýó Tako. Þar birtist sjávarvera sem þó er óvíst að sé neðansjávar, þrátt fyrir að ýmis sjávar-

dýr sjást á sveimi og Fuji-fjall í bakgrunni.

„Kannski þeim sé bara lýst best sem súrrealískum draumi,“ bætir hún við hugsu.

Póstkortin vera höfð til sýnis á sýningunni Hönnun + heimili 2007 í Laugardalshöll dagana 19. til 21. október.

REPUBLIC OF Fritz Hansen®



SJÖUNA hannaði Arne Jacobsen á sjötta áratug síðustu aldar fyrir nýjan skóla sem hann hafði teiknað. SJÖUNUM má staflla, tengja saman, festa á borðplötur og arma. Þær eru til með hjólum, bólstraðar og óbólstraðar, í mörgum litum og með mismunandi áferð.



HÁPUNKTAR ÚR HÖNNUNARSÖGUNNI



SVANINN hannaði Arne Jacobsen Royal Hotel í Kaupmannahöfn sem nú heitir Radisson SAS. SVANURINN átti að færa mjúkar línur inn í hið ögn stífa umhverfi þessarar miklu byggingar.

OXFORD-stóllinn hannaði Arne Jacobsen árið 1963 fyrir prófessora St. Catherine's College í Oxford. OXFORD-stóllinn fæst með háu og lágu baki, með eða án hjóla og með leður- og tauáklæði.



Gluggar Útihurðar Sérsmíði

Verðtilboð, upplýsingar & ráðgjöf



GK GLUGGAR
GLUGGAR OG KLÆDNING ehf.

Völuteig 21, 270 Mosfellsbæ S: 566 6787 www.gkgluggar.is



Brynhildur og Guðfinna eru sýningarstjórar BRUM, svæðis íslenskra hönnuða á Hönnun + heimili 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gestum og gangandi boðið til hönnunarveislu

Á BRUM, sérstöku sýningar-svæði íslenskra hönnuða á sýningunni Hönnun + heimili 2007, gefst gestum færi á að skoða helstu nýjungar í íslenski hönnun.

„Sumt af þessu hefur aldrei komið fyrir augu almennings og þess vegna eru nokkrar frumsýningar þarna í gangi. Annað hefur sést en ekki verið til sölu áður,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, sem hefur ásamt Brynhildi Pálsdóttur umsjón með BRUM, sem er svæði íslenskra hönnuða á Hönnun + heimili 2007.

„Það er búið að vera vandamt verk að velja út hönnuði, þar sem BRUM er verslun þetta árið



„Með kökuformunum ílepparósa sameina ég áhuga minn á textílhéð og matarhéð. Innblásturinn kemur úr íslenskum íleppum sem voru þrjónuð innlegg í skinnskóm. Með kökuformunum er hægt að búa til alls konar mat með formum ílepparósa, svo sem áttaþlaðarósa, stigarósa og tíglarósa.“ - Héléne Magnússon.

og erfitt að finna íslenska hönnun sem nýtur sérstöðu og er jafnframt í framleiðslu,“ viðurkennir Guðfinna og segir hlutfallið milli ungra, upprennandi hönnuða og þeirra þekktu og reyndari nokkuð jafnt á BRUM.

„Við erum að kynna fagfólk en ekki áhugafólk sem við teljum mjög mikilvægt,“ segir Guðfinna. „Við vonum að þetta skerpi aðeins á almenningsvitund um góða hönnun, vegna þess að hún er ekki alltaf nógu skýr. Auk þess er þetta fyrsta skref sumra hönnuða til að kynna hönnun sína fyrir framleiðendum og verslunareigendum. Þarna verður allt frá glænýju íslensku lettri og upp í einstakan borðbúnað. Þetta er hlaðborð af íslenski hönnun.“

Guðfinna telur að mikill uppgangur sé í hönnun á Íslandi, meðal annars þar sem fleiri tækifæri bjóðist. „Möguleikinn felst í því að hönnun verði stærri hluti af



atvinnulífi og íslensku samfélagi og setji það í betri samkeppnisstöðu innanlands sem á alþjóðlegum vettvangi, að því tilskildu að fagið verði betur nýtt,“ segir hún.

Nánar um BRUM á www.islandsmot.is



Handmálaðir postlínisdiskar eftir Katrínu Ólínu þar sem gefur að líta furðuverur eins og drauginn Noc og Trumpet Head. Diskana má nota sem punt eða undir eftirrétti, brauð, olíur eða krydd. Þeir eru nú í fyrsta sinn til sölu á Íslandi.

567 7570 892 7544

SÖGUN • BORUN

BROT

BORTÆKNI

ÞEKING • REYNSLA

www.bortaeakni.is

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT



Þessi kollur er samstarfsverkefni Sigríðar Sigurjónsdóttur, Tinnu Gunnarsdóttur og Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur. Markmiðið er að vinna út frá náttúru Íslands og menningararfi, að uppgötva möguleikana sem þar liggja og útfæra brot af þeim. Efniviðurinn er íslenskt birki og gull. Kollarnir eru í fyrsta sinn til sölu í BRUM.

BÚM
BETUR



bygg.is



Lundur 1

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu áklæddu fjölbýlishúsi í Lundi 1 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 120-160 fm og flestar með góðu útsýni. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúða- byggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, affreyningu og menningu, s.s. Smáralind, Kríngluna, Salinn og Gerðarsafn.



REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÓFDI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

Kvosin í fortíð, nútíð og framtíð

Úrslit í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar um uppbyggingu í Kvosinni liggja sem kunnugt er fyrir, en þar er stefnt að því að sameina fortíð, nútíð og framtíð.

„Ólík sjónarmið hafa einkennt umræðuna um uppbyggingu í Kvosinni. Sumir vilja helst sem minnst gera, aðrir vilja endurbyggja húsin sem brunnu og enn aðrir rífa allt saman og byggja upp á nýtt. Við teljum að hægt sé að sameina allt þrennt, fortíð, nútíð og framtíð.“

Þetta segir arkitektinn Steve Crister frá Studio Granda, sem ásamt arkitektastofunum Argos og Gullinsnið stendur að verðlaunatillegu í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar um uppbyggingu í Kvosinni.

Samkvæmt tillögnum er gengið út frá varðveislu húsa sem fyrir eru og endurbyggingu þeirra sem eyðilögðust í brunanum.

Steve bendir í því samhengi á að það þurfi að ákvarða hvaða tímarpunkt menn vilji miða við, þar sem húsin eigi sér mörg langa

sögu og hafi tekið miklum breytingum í tímans rás.

Þá er leitað aftur í fortíðina með flutningi Lækjargötu 4 ofan úr Árbæjarsafni og á sinn gamla stað. Ráðgert er að byggja þar fyrir aftan hús sem dregur dóm af Thorvaldsen Magasin, en það þótti afar glæsilegt, og rífa skálann á bak við Hressó til að endurskapa skrudgarð Árna Thorsteinssonar.

„Loks horfum við til framtíðar með því að bæta við nýjum byggingum og leyfa sumum þeirra eldri að stækka og breytast eftir þörfum,“ segir Steve.

„Götumyndin er þannig bætt og húsin löguð að nútímaþörfum án þess að rýra gildi þeirra.“

Að sögn Steves er síðan næsta skref að ræða við borgaryfirvöld og hagsmunaaðila til að sjá hvernig best sé að þróa tillöguna áfram, svo að úr verði heildarhugmynd sem þjóni hagsmunum borgarbúa allra.

Hér til hliðar má sjá hönnuðina, sem heiðurinn eiga að verðlaunatillegunni, á góðri stundu ásamt miðbæjarskipulaginu eins og það liti út frá þeirra hendi.



Verðlaunatillegan gengur út frá varðveislu, að gamlar byggingar verði fluttar í miðbæinn og uppbyggingu nýrra.



Nýja bíó.



Steve Crister, Stefán Örn Stefánsson frá Argos, Margrét Harðardóttir frá Studio Granda og Hjörleifur Stefánsson, frá Gullinsniði eru á meðal þeirra sem standa að baki verðlaunatillegunni.

FRÉTTABLADID/VILHELM



*Glæsileg húsgögn
Falleg hönnun
Frábær verð*

interio

Dalvegi 18 · 201 Kópavogur · Sími 554 5333 · www.interio.is

Springdýnur í sextíu ár

Húsgagnabólstrun Ragnars Björnssonar ehf. var stofnuð 1943 og hefur framleitt springdýnur og rúm í sextíu ár. Fyrirtækið er meðlimur í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun á springdýnum. Markmiðið er að vera í fararbroddi á þróun og framleiðslu á springdýnum.

Springdýnurnar hjá RB rúmunum koma í öllum stærðum og gerðum með mismunandi stífleika sem fer eftir þyngd þeirra sem hvíla á dýnunum. Dýnurnar hafa verið framleiddar hér á Íslandi í 60 ár og hægt er að velja um fjórar tegundir. Þær eru RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe.

Fjórir stífleikar eru í boði fyrir allar þessar fjórar tegundir, mjúk, meðlum, stíf og extra-stíf, allt eftir óskum hvers og eins. Fyrirtækið getur breytt stífleika springdýnanna og er eina þjónustufyrirtækið á sínu sviði sem býður upp á endurhönnun á springdýnum eftir áralanga notkun. Fyrirtækið framleiðir einnig sérhannaðar

sjúkradýnur, dýnur fyrir hótél og stofnanir.

Ásamt springdýnunum eru einnig í boði lyfturúm, í ýmsum stærðum sérhönnuð í rúmstæði og einnig fristandandi. Bæði springdýnur og þrýstijöfnunardýnur þar sem ýmist er hægt að lyfta höfðalagi og fótlagi með fjarstýringu. Ásamt lyftirúmunum er RB einnig með Nolterúm í ýmsum stærðum, svokölluð sælurúm. Þau eru auðstillanleg með þrálausri fjarstýringu, nuddi og minni fyrir hinar ýmsu stillingar og útfærslur. Hægt er að velja um mismunandi stífleika á springdýnurnar í sælurúmunum.

Einnig sérhæfir fyrirtækið sig í hönnun og bólstrun á rúmgöflum, viðhaldi og viðgerðum á springdýnum og eldri húsgögnum. RB rúm eru með sýningaraðstöðu að Dalshrauni 8 í Hafnarfirði og að sögn starfsmanna er leitast við að svara öllum fyrirspurnum ljúflega klukkan 9.00-18.00 alla virka daga og milli klukkan 10.00 og 14.00 á laugardögum. Sími: 555 0397. Heimasíða: www.rbrum.is

-rh



Húsgagnabólstrun Ragnars Björnssonar ehf. hefur framleitt springdýnur í sextíu ár.

LENGDU SUMARIÐ ...

SÓLSTOFUR · GLUGGAR · HURÐIR · SVALALOKANIR · GLER · SPEGLAR

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- FALLEGT ÚTLIT
- 10 ÁRA ÁBYRGÐ Á PVC-U VÖRUM
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- FLJÓTLEGT Í UPPSETNINGU
- FRÁBÆR HITA- OG HLJÓÐEINANGRUN
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING
- GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur, glugga, hurðir og svalalokanir úr PVC-u sem er hagkvæmur valkostur.

HAFÐU SAMBAND OG FÁÐU TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU





FAGSTEFNAN: FRAMSÆKIN HÖNNUN

FÖSTUDAGUR 19. OKTÓBER KL. 12.00 – 16.30. STAÐSETNING: LAUGARDALSHÖLL, 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

12.30 - 13.00 Jakob Holmes Jensen. Bang & Olufsen - Danmörk

13.00 - 14.00 Vinay Venkatraman. Copenhagen Institute of Interaction Design - Danmörk


14.00 - 14.30 HÍÉ

14.30 - 15.30 Steve Christer. Studio Grandi - Ísland

15.30 - 16.30 Mareike Gast. Office Nicola Stattmann - Þýskaland

Verð á fagstefnu: kr. 4.500 Forskráning (þeir sem staðfesta fyrir 19. okt.). kr. 4.900 Skráning á staðnum
Innifalið eru allir fyrirlestrar, kaffi og meðlæti, formleg opnun sýningarinnar og aðgangur að sýningunum alla helgina. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.islandsmot.is

Almennt verð á sýninguna laugardag og sunnudag: Fullorðnir: kr. 1000, Barn: kr. 500, Elli- og öryrkjar: kr. 800



HEIMILI

BRUM

SÝNINGIN OG FAGSTEFNA HÖNNUN + HEIMILI: 19. – 21. OKTÓBER

FJÖLDI FYRIRTÆKJA KYNNIR ÞAÐ NÝJASTA Í HÖNNUN OG SKIPULAGI HEIMILA.

FÖSTUDAGURINN 19. OKTÓBER ER TILEINKAÐUR FAGGEIRANUM,
MEÐ FAGSTEFNU FRÁ KL. 12.30 – 16.30.

LAUGARDAG OG SUNNUDAG VERÐUR SÝNINGIN OPIN FYRIR ALMENNING FRÁ KL. 11.00 – 18.00.

SAMHLIÐA VERÐA OPNAÐAR TVÆR SÝNINGAR Í LAUGARDALSHÖLL:

BRUM: YFIR 30 ÍSLENSKIR HÖNNUÐIR SÝNA OG SELJA NÝJUSTU VERK SÍN.

PAPER LAB: SÝNING Á FJÖLBREYTTRI NÝTINGU PAPPÍRS Í TVÍVÍDD OG ÞRÍVÍDD.

JAFNFRAMT MUNU NEMENDUR FRÁ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS SÝNA VERK SÍN. VEITINGASVÆÐI TE OG KAFFI SÉR UM VEITINGAR FYRIR ÞÁ SEM VILJA HRESSINGU OG BÖRN NÁTTÚRUNNAR HEFUR UMSJÓN MEÐ BARNASVÆÐI FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA.



**HÖNNUN +
HEIMILI 2007**
SÝNING OG FAGSTEFNA
LAUGARDALSHÖLL
19. – 21. OKTÓBER

Húsgögn úr gúmmíi

Inflate er breskt fyrirtæki sem hannar og framleiðir hús, húsgögn og heimilisbúnað úr gúmmíi.


Fyrirtækið var stofnað árið 1995 og sérhæfði sig fyrst í hönnun og framleiðslu ýmiss konar heimilisbúnaðar úr gúmmíi.

Smám saman fíkrúðu hönnuðirnir sig áfram og fóru að búa til húsgögn úr gúmmíi. Þannig urðu til heilu stólarnir, borðin og ljósakrónurnar úr þessu efni.

Ekki var langt að bíða þar til þeir sneru sér að hönnun heilu húsanna en fyrirtækið hefur getið sér gott orð fyrir hönnun gúmmíbygginga sem nota má við ýmiss konar uppákomur. Við skulum þó láta nægja að sinni að skoða húsgögn sem Inflate hefur hannað og framleitt.



Inflate lætur sig flesta húsmuni varða eins og sést á þessum myndum.



Þín eigin brúðarsvíta

Svíf þú inn í svefninn



RB-rúm

Hágæðarúm á góðu verði. Smíðuð eftir þínum óskum. Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla

Hágæða sælurúm



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stíflleikar á springdýnum.

Nolterúm



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

Opið alla virka daga frá kl. 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is



Ungur á uppleið

Matte Stephens er ungur og upprannandi listamaður frá Birmingham sem vakið hefur athygli fyrir skemmtilegar dýramyndir.

Sjálfur segist listamaðurinn sækja innblástur í verk eftir Charles og Ray Eames, Alexander Girard, George Nelson og Irving Harper. Nýlega varð hann fyrir svo sterkum hughrifum af verkum Harpers að hann bjó til sinn fyrsta skúlptúr.

Stephens sýnir reglulega í Velocity Art and Design í Seattle.



Fuglar eru algengir í myndum Matte.



Árekstur borgar og náttúru.



Síamstvíburar.



Allir vinir.



Í sátt og samlyndi.



Gljúfurbyggð

fyrir heimavinnandi!

fyrir golfara!

fyrir græna putta!

fyrir útivistarfólk!

fyrir hestamenn!

fyrir mömmu!

Ný byggð í Ölfusi austan Hveragerðis:

Einstakt útsýni: Hellisheiði, Hveragerði, Hengill, Ingólfsfjall og Ölfusárósar.

Stórar eignarlóðir, frá 5000 til 7000 fermetrum að stærð.

Á lóðunum er heimilt að byggja allt að 600 fermetra íbúðarhús, hesthús fyrir 10 hesta og allt að 100 fermetra gróðurhús. Samanlagt byggingamagn getur verið allt að 850 fermetrar.

Allar veitur þéttbýlis, þar með talinn ljósleiðari og ADSL.

Tvöföldun Suðurlandsvegar á næsta leyti.

Sorphirða, snjómokstur og skólaakstur í umsjón Sveitarfélagsins Ölfus.

Aðgangur að hesthúsum frá reiðgötu í gegnum bakgarða. Húsagötur og gangstígar eru með bundnu slitlagi og aðskildar reiðgötum.

Nýtt 20 km. reiðvegakerfi í Ölfusinu. Kerfið er hannað þannig að reiðvegirnir liggja ekki meðfram akvegum.

Stutt í frábæra æfingaaðstöðu Ölfushallar.

Fimm golfvelli í 15 mín. akstursfjarlægð.

Gönguleiðir Hengilssvæðis fyrir utan stofugluggann.

Fjórar mín. í Bónus!



Eigum nokkur hús til sölu á þessum einstöku lóðum. Húsin eru mismunandi gerðar og á mismunandi byggingarstigum. Stærðir frá 220 fermetrum upp í 590 fermetra. Sjón er sögu ríkari.

Viðmiðunarverð á húsum tilbúnum til innréttinga er kr. 179.000 á fermetra. Eignarlóðin og gatnagerðargjöld af ónýttum byggingarétti eru innifalin í verðinu.

Upplýsingar í sínum 897 8599 og 896 4847.

www.austurbru.is



LÓÐIR Í LANDI HELGAFELLS RJÚKA ÚT

Þrjár af hverjum fjórum lóðum eru seldar í Helgafellslandi í Mosfellsbæ og salan hefur gengið hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Alls hafa verið seldar lóðir undir 487 íbúðir, eða 77 prósent af því sem í boði eru. Allar lóðir í fyrsta áfanga eru nú þegar byggingarhæfar og eru framkvæmdir hafnar við fyrstu fjölbýlishúsin. Gatnagerð í hverfinu er á áætlun og hafa landeigendur lagt áherslu á að ljúka malbikun áður en lóðir eru afhentar. Hefur það verklag mælst vel fyrir meðal þeirra sem byrjaðir eru að byggja enda auðveldar það verkið.



Horft yfir Helgafellsland.

Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Helgafellsbygginga, gerir ráð fyrir að allar lóðir í þeim áföngum hverfisins sem hafa verið skipulagðir verði seldar fyrir áramót. „Á sama tíma gerum við ráð fyrir að deiliskipulag fjórða áfanga verði samþykkt þannig að við náum ágætri samfelli og stöðugu framboði góðra lóða.“



Guðbjörg Gissurardóttir segir mörg spennandi málefni á dagskrá fagstefnu Hönnunar + heimilis 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Framsæknir hönnuðir

Framsækin hönnun er yfirskrift fyrirlestra sem haldnir verða á fagstefnu í tengslum við sýninguna Hönnun + heimili 2007. Verður þar meðal annars komið inn á þjónustuhönnun, umhverfi og möguleika pappírs.

„Við fáum til okkar fyrirlesara, bæði innlenda og erlenda, til að kynna það sem er að gerast í hönnun,“ segir Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs, sem hefur gegnt hlutverki ráðgefandi aðila að fagráðstefnu um hönnun, sem markar upphaf Hönnunar + heimilis 2007.

„Daninn Vinay Venkatranan fjallar um þjónustuhönnun, sem er tiltölulega nýtt hugtak í heiminum.“

Þetta er ekki vöruhönnun heldur hönnun á þjónustu, þar sem allt er tekið með í reikninginn: rými, fólk, nýjar tegundir samskiptamynsturs og ný þjónusta. Þetta er vítt og skemmtilegt svið. Á Íslandi er mikið af þjónustufyrirtækjum og þess vegna gæti orðið spennandi að skoða þetta og sjá hvaða möguleikar eru að opnast á þessu sviði,“ segir Guðbjörg.

Að hennar sögn mun Jakob Holmen Jensen fjalla um þróun og framtíðarsýn Bang & Olufsen, sem hefur að hennar mati verið gríðarlega framsækið í allri sinni

hönnun. Hún segir B&O hafa verið langt á undan sinni samtíð, sem sjáist af þeirri vinnu sem lögð var í ímyndarsköpun fyrirtækisins langt á undan öðrum.

„Íslendingar eiga líka sína fulltrúa á fagstefnunni,“ segir Guðbjörg. „Þeirra á meðal mun hinn góðkunnir Steve Christer frá Studio Granda stíga á stökk til að ræða nálgun í efnisvali og mikilvægi umhverfisins í arkitektúr og tengja það við áhrifin sem kaupandi hefur á endanlega útkomu.“

Sérstaka athygli vekur fyrirlestur Mareike Gast, frá skrifstofu Nicolu Stattmann í Þýskalandi. Mun hún kynna möguleika pappírs í tví- og þrívíðri hönnun, sem tengist sýningunni Paper Lab, sem verður komið fyrir á um 100 m² svæði á aðalsvæði sýningarinnar.




Pappír er orðinn að hátæknihræfni sem hægt er að framleiða á nýjan hátt, eins og komið verður inn á í fyrirlestri Mareike Gast.

Elipex
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli.

Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör í nýrri og tæknilega fullkominni framleiðslulínu.



SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is



Heimnir og haf / SJA



Arkitektinn Guja Dögg stefnir á útgáfu kennslubókar í byggingarlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Skapandi hugsun er sett í stærra hlutverk

Byggingarlist í augnhæð er heiti nýrrar kennslubókar í byggingarlist fyrir grunnskóla landsins sem áætlað er að komi út fyrir næstu jól.

„Ég hafði orðið vör við mikla þörf fyrir námsefni í byggingarlist fyrir börn og ungt fólk. Svo réði Arkitektafélag Íslands mig til að búa til slíka bók og hún hefur verið í þróun síðustu tvö ár,“ segir höfundurinn Guja Dögg Hauksdóttir, sem starfar sem deildarstjóri byggingarlistar á Listasafni Reykjavíkur.

„Mig langaði þó ekki til að gera eitthvert skraufþurrt námsefni heldur kennslubók sem miðaði við „learning by doing“-aðferðina, þar sem skynjun og skilningur fara hönd í hönd,“ útskýrir hún og bætir við að Byggingarlist í augnhæð skiptist í hlutana heima, inni og úti, þar sem tekið er á meginþáttum byggingarlistar.

„Fjallað er um grunnhugtök,



Á sýningunni Byggingarlist í augnhæð gefst gestum meðal annars kostur á að taka virkan þátt í sýningunni með því að byggja líkan úr trélistum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Krakkarnir fá að brjóta saman gogg með spurningum um byggingarlist Kjarvalsstaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sem tengjast vellíðan eða vitund um fegurð með tilvísun í heimi, skóla og nánasta umhverfi. Í hlutanum „inni“ er farið í meginuppbyggingaraðferðir húsa sem tengjast rými. „Úti“ er loks helgaður ytra formi húsa og mismunandi stefnum í byggingarlist gegnum tíðina.

Guja segir bókina vera innlegg í vitundarvakninguna um mikilvægi skapandi hugsunar, sem hefur orðið í Norður-Evrópu og héraendis. „Ég hef ásamt fleirum mótað alþjóðlegt námsefni í byggingarlist og sjónrænni hönnun, sem er víða kennt og innan ólíkra greina. Ég hafði það einmitt að leiðarljósi við gerð þessarar bókar að hana yrði hægt að kenna innan mismunandi greina, enda spannar hún breitt svið.“

Þess má geta að sýning með sömu yfirskrift stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum, en henni er ætlað að veita innsýn í meginviðfangsefni bókarinnar.

Gólfhitakerfi

Roth gólfhitakerfi sem er létt að leggja og fljótt að virka.

Reykjalundur **dælur**

Smiðjuvegur 74 – 200 Kópavogur – 5 400 600
Reykjalundur – 270 Mosfellsbær – 530 1700
Lónsbakkí 2 – 601 Akureyri – 460 1760

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

Sala nýrra íbúða í 101 Skuggahverfi er hafin

Kynntu þér frábæran valkost í miðborginni. Nánari upplýsingar á www.101skuggi.is eða í síma 599 5000.

Flott og frumleg hönnun í fyrirrúmi

Reynir Sýrusson húsgagna-hönnuður hefur opnað hönnunarstofu þar sem áhersla er lögð á fallega og frumlega íslenska hönnun.

Reyni Sýrusson þekkjast flestir sem fylgjast með íslenskrari hönnun enda hefur hann látið til sín taka á nánast öllum sviðum húsgagna-hönnunar frá því hann kom heim úr hönnunarnámi í Danmörku árið 2000. Á dögum lét þessi þúsundþjalasmiður síðan gamlan draum rætast þegar hann opnaði hönnunarstofuna Sýrusson að Hamraborg 5 í Kópavogi.

„Ég hef verið að vinna að því að opna stofu frá því að ég kom heim úr námi,“ segir Reynir og eftirvæntingin leynir sér ekki. „Frá þeim tíma hefur húsgagna-hönnunin verið kvöld- og næturvinna. Ég hef aldrei leyft mér að vera sýnilegur þar sem ég var í annarri dagvinnu. Á þessu ári kúplaði ég mig síðan frá öllu öðru til að geta opnað stofuna og sinnt hönnuninni. Með



Reynir Sýrusson húsgagna-hönnuður hefur opnaðhönnunarstofu með útstillingarrými.



Fiskabúrið varð til þegar Reynir og samstarfsmenn hans ákváðu að lifga upp á stofuna. Búrið er rörlaga og hangir á fingerðum festingum. Reynir segir það tilraun til að gera fiskabúr að mublu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þessu vil ég fá útrás fyrir mitt aðaláhugamál og koma íslenskrari húsgagnahönnun á hærra plan.“

Hönnunarstofa af þessu tagi, þar sem algjörlega er einblínt á íslenska húsgagnahönnun með útstillingarrými fyrir viðskiptavinum, telst til nýjunga á Íslandi að sögn Reynis.

Starfsmenn stofunnar eru þrír að Reyni meðtöldum.

Hann á í nánú samstarfi við íslenska framleið-

endur um útfærslur á hugmyndum sínum, sem þurfa að hafa notagildi, vera framleiðsluvænar á Íslandi og ekki síst flottar. Þessi þrjú atriði liggja til grundvallar allri hans sköpun. „Maður reynir að fara milliveginn, en stundum verður útlitið aðeins ofan á,“ viðurkennir hann.

Þessa daga beinist sköpunarkraftur Reynis mest að sýningunni Hönnun + heimili 2007, þar sem hann mun sýna hluti sem hafa notið vinsælda og eins áður óséða hönnun. Þar á meðal eru nýir stólar, fatahengi, borð og fiskabúr, sem mun vafalaust vekja mikla athygli fyrir nýstárlegt útlit.

Þeir sem vilja taka forskot á sæluna geta litið við á nýopnaðri stofu Reynis í Kópavogi eða kíkt á heimasíðuna www.syrusson.is.



Framleiðsluvænt, notadrjúgt og flott eru þau þrjú orð sem lýsa hönnun Reynis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.byggdarhorn.is

Deiliskipulag

BÚGARÐABYGGÐAR Í LANDI BYGGÐARHORNS

Þjónusta sveitarfélagsins Árborg

Sveitarfélagið Árborg mun sjá um alla almenna þjónustu við Byggðarhorn á sama hátt og aðra skipulagða byggð í sveitarfélaginu. Þar á meðal er skólaakstur, sorphirða, vatnsveita, hitaveita, viðhald vega, snjómkstur, tæming rotþróa ásamt annarri þjónustu og gæslu samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins. Á Selfossi eru bæði grunnskólar og Fjölbrautaskóli Suðurlands. Þar er einnig heilbrigðisþjónusta. Sjá nánar undir www.arborg.is Vatnsveita Árborgar hefur umsjón með hönnun, lagningu og rekstri vatnsveitu á svæðinu. Selfossveitur annast hönnun, lagningu og rekstur hitaveitu að Byggðarhorni.

FASTEIGNASÖLURNAR VEITA ALLAR UPPLÝSINGAR

MIKLABORG

FASTEIGNASALAN MIKLABORG
Tengiliður: Guðmundur Sveinsson
Sími: 8986826
Netfang: gudmundur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN BAKKI

Tengiliður: Þróstur Arnason
Sími: 8995466
Netfang: thorstur@bakki.com

FASTEIGNASALAN BERG

Tengiliður: Grétar Stephensen
Sími: 8611639
Netfang: gretar@berg.is

Frábær lausn fyrir hrífandi lífsstíl

Atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins hefur á síðustu árum teygst út anga sína og á síðastliðnum árum hefur suðurlandið verið fjölsótt sem byggðarlag.

Arkitektastofan ARKITEÓ hefur unnið hugmyndavinnu í samstarfi við Byggðarhorn.

Niðurstæða þeirrar vinnu er framandi og glæsileg í senn. Nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við ARKITEÓ www.arkiteo.is og netfang arkiteo@arkiteo.is eða söluaðila Byggðarhorns.is

KÍKTU Á HEIMASÍÐUNA OKKAR !!!

WWW.BYGGÐARHORN.IS

Sveitasetur í nánd við þéttbúli

Í 2,5 km fjarlægð frá Selfossi í suðvesturátt býðst nú áhugaverður valkostur fyrir þá sem kjósa að búa í sérþýlum við ró og næði.




Áttu von á góðu?

...þú verður að vera viss!



Varmaskiptakerfi

Hitun á neysluvatin - Kæling á neysluvatin - Öruggt neysluvatin



GRUNDFOS
BE>THINK>INNOVATE

TA

Danfoss



ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is



Falleg baðherbergi - með niðurfalli frá Unidrain

Unidrain hefur hannað nýja og glæsilega lausn. Með því að færa niðurfallið upp að vegg er vandamál vegna vatnshalla úr sögunni. Einnig gerir það baðherbergið fallegt og auðveldar flísalögnina.

Ef þig dreymir um nýjar hugmyndir á baðið, þá erum við hjá Tengi með lausnina fyrir þig. Nútímaleg og falleg hönnun frá Unidrain.

Komið í verslanir okkar og fáið upplýsingar um Unidrain niðurföllin, í hugum flestra er Unidrain einfaldlega betri lausn.



Netja sig í stellingar

ingar hjá tveimur stærstu félögum á því sviði. Nýherji sækir fram með son kynnti sér breytingarnar, en hluti af Teymisfléttunni er sala á Opnum



La með nýjum formerkjum

pt Opn kerfi ehf. og segir fjölda tækifæra í upplýsingatæknigeira.

ma bæði fyrirtækjakaup og útrás og hefur ávallt skilað sínu eigandans.“

Frosti segist líta dálítið á Opn kerfi sem barnið sitt, enda hann átti að stofnun HP á Íslandi snemma á níunda áratug síðustu aldar. HP á Íslandi varð svo að Opnum kerfum. Síðla árs 2004 gerði Kögun yfirtökutilboð Opn kerfi Group og fór undir samstæðu Teymis við skiptingu dagsbrúnar í tvö félög undir nafni síðasta árs. Frosti áréttar sig á að aðkoma hans að félaginu sé önnur núna. „Ég starfa sem fjárfestir og kem að félaginu sem slíkur, en treysti stjórnendateymi félagsins fyrir daglegum rekstri.“ Meðal annarra fjárfestingarverkefna Frostar er eignarhlutur í Heklu, lyfjafyrirtækið Invent Farma í Barcelona og 40 prósent hlutur í Titan en þar á Síminn líka hlutningshlut.

Frosti segir hins vegar að reynslu sinnar vegna hafi hann viljað horfa til upplýsingatækniiðnaðarins áfram. „Ég hef áður sýnt Opnum kerfum áhuga án þess að það gengi eftir, en núna kom það upp að menn ætluðu að selja íslensku eininguna eina en hana þekki ég vel og lít á sem gott fjárfestingartækifæri. Fyrirtækið er gott og hefur skilað góðum árangri í gegnum tíðina.“ Þá segist Frosti vonast til þess að Titan og Opn kerfi nái að vinna saman á markaðnum þar sem það á við. „En ég lít svo á að stærstu keppinautarnir séu Nýherji og EJS. Upplýsingatæknimarkaðurinn er hins vegar stór og pláss fyrir mörg fyrirtæki, sum sérhæfð og önnur með mjög breitt úrval þjónustu. Upplýsingatækni snertir í dag eiginlega alla þætti í okkar lífi.“



FROSTI BERGSSON Frosti þekkir vel til þróunar á upplýsingatæknimarkaði hér og kom meðal annars að stofnun Opinna kerfa á síðustu öld. Hann man þá tíð að verkfræðifyrirtæki veltu fyrir sér kaupum á einni tölvu í von um að veiða verkefni út á þá eign. „Núna er óhugsandi að til séu starfsmenn án tölvu og nettengingar,“ segir hann. MARKAÐURINN/GVA

Miklu kostað til í umbreytingarferli

Í síbreytilegu umhverfi upplýsingatækninnar skiptir höfuðmáli fyrir fyrirtæki sem í þeim geira starfa að skilgreina starfsemi sína rétt, segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja. Félagið hefur síðustu ár gengið í gegnum markvisst breytingarferli og er nú stærsta upplýsingatæknifélag landsins, með veltu upp á 13 milljarða króna, með um 70 prósent af starfsemi sinni í dótturfyrirtækjum.

Þórður bendir á að fyrir örfáum árum hafi stór fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði hér byggt starfsemi sína á ákveðnum vörumerkjum og varningi. Þar var Nýherji engin undantekning í samstarfi við IBM, en einnig mætti nefna í því samhengi Tæknival, Streng með Navision, EJS með Dell og Teymi hið eldra sem byggði á Oracle lausnum. „Við höfum breiðkað okkur og flust úr því að selja vörur og þjónusta þær yfir í lausnafyrirtæki þar sem við horfum til þarfa og óska viðskiptavinarins. Hlutverk-ið er að þekkja þarfir hans og koma fram með lausnir sem uppfylla þær,“ segir Þórður. Hluti af þessu segir hann aukið framboð af ráðgjöf og markvisst uppbygging sérhæfðar þekkingar innan Nýherjasamstæðunnar.

Þórður segir miklu hafa verið kostað til á ári hverju í að byggja upp þessa þekkingu innan fyrirtækisins, tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna á ári.

Um leið hefur Nýherji tekið þann pól í hæðina að fara varlega í útrás og einbeita sér þar að þeim sviðum þar sem styrkleiki fyrirtækisins liggur hér heima. „Við ákváðum til dæmis að fara ekki út í vörusölu í útlöndum heldur fórum við í að byggja upp SAP ráðgjöf undir nafni AppliCon. Svo keyptum við lítið danskt fyrirtæki sem er meira í ráðgjöf og þjónustu á sviði upplýsinga- og fjar-skiptatækni. Það er svona 20 til 30 manna fyrirtækið í Óðinsvéum, en svo höfum við líka opnað skrifstofu í Kaupmanna-höfn og Kolling í Jótlandi. Þar fetum við okkur áfram á þessari braut sem kjarnastarfsemi Nýherja er í.“

Núna kann hins vegar að vera að því komið að uppskera í hlutfalli við það sem til hefur verið sáð. Um leið vill Þórður fara varlega í yfirlýsingar í þeim efnum, enda sé umbreyting fyrirtækisins stöðugt og áframhaldandi verkefni í síkviku umhverfi upplýsingatækninnar. „En ég held það sé alveg tilefni til ákveðinnar bjartsýni.“

Mikilvægi þess að staðsetja sig rétt og skilgreina starfsemi segir Þórður endurspeglast í því hversu tæknibróun sé ör og starfsumhverfið því stöðugt að taka breytingum. „Og það sér ekkert fyrir endann á þeirri bróun,“ segir hann og gantast með að sjá megi samsvörun í sölu á bæði vél- og hugbúnaði og öðrum iðnaði sem Íslendingar þekki vel til. „Ef bara er horft til fartölva sést að ný útgáfa kemur fram á þriggja til sex mánaða fresti



ÞÓRÐUR SVERRISSON Þórður, sem er forstjóri Nýherja, segir áherslu fyrirtækisins vera á að bjóða hágæðalausnir, hvort heldur sem það er í tækjum eða annarri þjónustu. MARKAÐURINN/GVA

og líftíminn því eins og saltfiskur, en hann hafði líftíma í þrjá til sex mánuði og það var sá rammi sem menn höfðu til að selja hann. Þessu er svipað farið með tölvurnar.“

Hluti af breytingum sem Nýherji hefur gengið í gegnum síðustu ár er uppbygging viðskiptahugbúnaðareiningar í AppliCon. „Þá höfum við byggt upp viðskiptaráðgjafareiningu í ParX og hýsingar- og rekstrarþjónustueiningu í Umsjá sem er vörumerki hér innanhúss.“ Aukinheldur hefur Nýherji byggt upp „digital living“ verslun Sense í Kópavogi. „Þar byggjum við upp stafrænar lausnir sem við setjum upp bæði í fyrirtækjum og heimilum. Dæmi er sýningin í Þjóðminjasafninu þar sem að baki liggur geysilega flókin og viðamikill tölvubúnaður sem okkar fólk hefur sett upp. En í þessum efnum er sjón sögu ríkari og virkilega gaman að koma í verslunina.“ Þórður segir vörusölu þó vitanlega enn stóran hluta af starfsemi Nýherja þótt áherslan sé á lausnirnar. „Með kaupnum á TM Software kemur náttúrulega rekstrarþjónusta, svo sem með Skyggni sem er stærsta rekstrarþjónustufyrirtæki landsins. Svo er Origo mjög sterkt í samþættingu og veflausnum,“ segir hann og bendir á að eftir kaupin á TM Software verði um 65 prósent af tekjum Nýherja á sviði þjónusturáðgjafar og hugbúnaðar, en 55 prósent af vörusölu. „Breytingin er mjög mikil því vörusalan hefur aukist mjög mikið. Hitt hefur bara vaxið hráðar.“

Þórður vill ógjarnan tala um að víglínur hafi skerpst við breytingarnar á eignarhaldi fyrirtækja á upplýsingatæknimarkaði hér síðustu daga. Enda sé það þannig að þótt fyrirtæki keppi hér á einstökum sviðum þá hafi þau kannski samstarf á öðrum. „Hér eru fáir á markaði og samstarf við símafyrirtækin og fleiri. Menn vinna bæði saman og keppa og það gengur allt eðlilega fyrir sig, gjarnan nefnt *co-opetition*. En landslagið hefur verið að breytast mjög hratt, rétt eins og gerst hefur erlendis.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Norskur ráðherra hótar að loka Kaupþingi og Glitni.

Kynblindur markaður

Björgvin Guðmundsson

Furðuleg staða er komin upp í rekstri Kaupþings og Glitnis í Noregi. Karita Bekkemellen, jafnréttisráðherra þar í landi, hefur hótað að loka bönkunum vegna þess að þeir uppfylla ekki lög um hlutföll kynja í stjórnnum fyrirtækja á markaði.

Um næstu áramót taka gildi lög sem kveða á um að hvort kynið um sig skuli skipa að minnsta kosti fjórutíu prósent stjórnarsæta í skráðum félögum. Bekkemellen segir að þau fyrirtæki sem uppfylli ekki ákvæði laganna muni fyrst fá bréf þar sem krafist verði úrbóta. Forsvarsmenn fyrirtækjanna hafi þá fjórar vikur til að bregðast við. Í kringum mars á næsta ári verði svo látið til skara skrifa verði engar breytingar gerðar.

Þessi handflsaðgerð norskra stjórnvalda beinist ekki eingöngu að þessum tveimur íslensku fyrirtækjum. Af um 500 fyrirtækjum á markaði hafa um 140 fyrirtæki ekki orðið við tilmælunum og af þeim hafa níutíu prósent einungis á að skipa körlum í stjórnnum sínum.

Það er sjálfsgagt að stjórnvöld í hverju landi setji sér markmið um jafnan hlut karla og kvenna í opinbera geiranum. Þar er hægt að skipta stórum forstöðumanna, nefndarmanna og embættismanna jafnt á milli kynjanna. Telji ráðherrar og þingmenn það þjóna tilgangi í jafnréttisbaráttunni mega þeir framfylgja þeirri stefnu sinni í verki hafi þeir til þess pólitískan stuðning.

Annað gildir um fyrirtæki, skráð eða óskráð, í eigu einstaklinga. Þar gilda önnur lögmál því ekki er um opinberar eignir að ræða. Fólk fjárfestir í fyrirtækjum, sem sum hver eru í áhættusömum rekstri og mikilli samkeppni, til að ávaxta peninga sína. Af hverju mega hluthafar ekki ráða því sjálfir hverjir stjórna fyrirtækjum þeirra? Skiptir kyn máli í því samhengi? Fyrirskipun um hvornig þetta fólk eigi að skipa í stjórnir er ekkert annað en árás á séreignarréttinn, sem er grundvöllur markaðshagkerfisins. Norsk stjórnvöld eru að feta hættulega braut í þessum efnunum.

Hörundsökkin Bandaríkjamenn náðu fyrst árangri í jafnréttisbaráttunni á íþróttasviðinu. Krafan um árangur var svo mikil að ekki var hægt að horfa framhjá því að svart fólk hljóp hraðar og stókk lengra en hvítir landar þess. Til að sigra varð að horfa framhjá kynþætti. Fyrirskipun stjórnvalda um lágmarksfjölda svartra í bandarískum landsliðum þurfti ekki til. Krafan um árangur í rekstri fyrirtækja á að leiða til sömu niðurstöðu. Það má ekki horfa á kyn, kynþátt eða trúarbrögð. Sagt er að markaðurinn sé litblindur. Hann er líka kynblindur. Norsk stjórnvöld ættu þannig að stuðla að aukinni samkeppni í stað opinberra íhlutunar.

Áætlan jafnréttisráðherra Noregs er vafalaust vörðuð góðum ásetningi. Hins vegar myndu í tilfellum Kaupþings og Glitnis fjórutíu þúsund hluthafar standa verr en áður. Fáir þeir ekki algjörlega að ráða hverjir skipa stjórn þessara félaga gerist tvennt. Stjórnirnar verða afgreiðslustofnanir fyrir ákvarðanir sem teknar eru annars staðar. Um leið minnkar gagnsæi í störfum stjórnarinnar því þar verður ekki eðlileg umræða um stefnu fyrirtækisins þar sem fulltrúar mismunandi eigenda koma saman. Niðurstaðan er því vond fyrir alla.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði í viðtali við Markaðinn að Norðmenn færu ansi geyst í þessum málum. Hann sagði ekki tímabært að fara sömu leið héraðs. Það má hrósa viðskiptaráðherra fyrir þessa afstöðu, enda er ekki við öðru að búast frá ráðherra Samfylkingarinnar sem vill auka gagnsæi og lýðræðislega umræðu á flestum sviðum.

Nú reynir á eigendur Glitnis og Kaupþings. Þeir verða að standa í lappirnar gegn þessum ólögum og mega ekki láta pólitískan rétttrúnað hræða sig frá umræðunni. Það er kominn tími til að stjórnendur fyrirtækja taki þátt í að berjast fyrir grundvallarréttindum sem hafa skapað starfsgrundvöll þeirra. Of fáir stjórnálmenn hafa burði til að draga þann vagn í dag.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

MARKAÐURINN

Einfalt

mál

með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Um einkaneyslu

ORÐ Í BELG

Póra Helgadóttir
hagfræðingur
hjá Kaupþingi.



Sem áhugamanneskja um viðskiptafréttir hef ég ekki komist hjá því að lesa um áhyggjur markaðsaðila vestanhafs af þróun einkaneyslu þar á bæ. Hagfræðingar og fjármálaspekuálfantar keppast við að lesa í hagtölurnar og spá fyrir um áhrif núverandi markaðsóróa á neyslu Bandaríkjamanna. Það er svo sem ekki skrítið að aðilar beini augum sérstaklega að þessum lið en einkaneysla telur um 70 prósent af vegrí landsframleiðslu (VLF) í Bandaríkjunum en einkaneysla telst vera útgjöld heimila við kaup á varanlegum og óvaranlegum vörum og þjónustu í hagkerfinu. Vöxtur einkaneyslu hefur drifið áfram hagvöxt í bandaríska hagkerfinu á síðustu fjórðungum, en nú er búist við vatnaskilum.

SVARTSÝNIR NEYTENDUR

Væntingar neytenda hafa gefið nokkuð góða vísbendingu um þróun einkaneyslu og það er engum blöðum um það að fletta að bandarískir neytendur eru svartsýnir um þessar mundir. Vísitölur sem mæla væntingar neytenda hafa lækkað all hressilega að undanförunum ein helsta skýring á því er minnkandi umsvif á fasteignamarkaði og sú staðreynd að verð á húsnæði hefur farið lækkað. Það hefur margoft sýnt sig að það eru sterk tengsl á milli þróunar fasteignaverðs og einkaneyslu og engin ástæða til að ætla að raunin verði önnur að þessu sinni.

Nýjustu hagtölur gefa einnig til kynna að aðstæður á vinnu- markaði hafi versnað lítillega, en til viðbótar þá hefur olúverð farið hækkandi á síðustu vikum með tilheyrandi áhrifum á ráðstöfunartekjur. Hækkandi fjármagnskostnaður er einnig líklegur til að valda neytendum vandræðum á næstu miss-erum. Útlitið er því ekki gott fyrir bandaríska neytendur nú um stundir.

SMITAR ÚT FRÁ SÉR

Áhyggjur af samdrætti í einkaneyslu vestanhafs eru ekki ein-skorðaðar við Bandaríkjamenn. Til að setja hlutina í samhengi þá er landsframleiðsla Bandaríkjamanna um 20 prósent af heildarframleiðslu í heiminum í dag. Með öðrum orðum er hlutur

bandarískra neytenda í heimsframleiðslu um 14 prósent. Það er því ekki að ástæðulausu að menn hafa haldið því fram að ef Bandaríkin hnerra þá munu aðrar þjóðir kvefast.

Aukin svartsýni bandarískra neytenda er því líkleg til að hafa veruleg áhrif á hagþróun annarra þjóða, til að mynda í Evrópu og Asíu. Í þessu samhengi er oftast en ekki litið til Kína. Kínverska hagkerfið hefur vaxið á ógnarhraða á síðustu árum eða um tæp 10 prósent á ári að meðaltali síðan 1990 og telur nú um 16 prósent af heimsframleiðslu. Kína er talið munu leggja til um 25 prósent af hagvexti heimsins í ár samanborið við tæp 15 prósent frá Bandaríkjunum. Einn helsti drifkraftur hagvaxtar þar á bæ hefur verið vöxtur í útflutningi og þá sérstaklega til Bandaríkjamanna. Um 21 prósent af heildarútflutningi Kínverja fór til Bandaríkjamanna árið 2006 og óx um hvorki meira en minna en 24 prósent það árið.

Til viðbótar við það þá er stór hluti fjárfestinga í Kína í útflutningsgeirum. Kínverjar eru því sannarlega háðir því að bandarískir neytendur haldi ekki að sér höndunum. Tekið saman er framleiðsla Kínverja og Bandaríkjamanna rúmur þriðjungur af heimsframleiðslu og með næmni þessara stærða við neysluleði Bandaríkjamanna í huga er ekki að ástæðulausu að fjármálaspekuálfantar einblína svo mikið á títtnefnda hagstærð.

LÍTL EINKANEYSLA Í KÍNA

Í Kína er einkaneysla aðeins um 35 prósent af VLF og hefur hlutur hennar farið minnkandi á undanförunum árum í andstöðu við þróunina í Bandaríkjunum. Rannsóknir hafa sýnt að samdráttur í tekjum kínverska heimila sé helsti áhrifavaldurinn. Auk þess bendir margt til þess að lítt þróaður kínverskur

fjármálamarkaður spili stóra rullu.

Launatekjur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa að jafnaði farið lækkað á síðustu árum og svo virðist sem aðeins hluti Kínverja hafi virkilega notið hagvaxtar síðustu ára. Misskipting hefur aukist til muna og er svo komið að ætli Kínverjar að halda áfram að vaxa á svipuðum hraða og þeir hafa gert þurfa þeir að snúa þessari þróun við. Hagfræðingar hafa hvað eftir annað bent á mikilvægt þess fyrir Kínverja að auka vægi einkaneyslu í VLF og þannig dragi úr vægi útflutnings.

Til þess að draga úr áhrifum bandarískra neytenda á kínverska hagkerfið þurfa Kínverjar því að finna leið til þess að ýta við neyslu eigin þjóðar. Í ræðu sinni á flokksþingi Kommúnistaflokksins á mánu- daginn lagði Forseti Kína, Hu Jintao, einmitt mikla áherslu á mikilvægi þess að dreifa betur ávöxtun hagvaxtarinnar og takmarka mikilvægi útflutnings.

HVAÐ MEÐ ÍSLENSKA HAGKERFIÐ?

Hvað með okkur Íslendinga? Í allri umræðunni um einkaneyslu Bandaríkjamanna er ekki skrítið að maður velti því fyrir sér hvort aðstæður hér á landi séu háðar hagsæld bandarískra neytenda. Hvað varðar útflutning þá hefur vægi Bandaríkjamanna í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar minnkað verulega að undanförunum og áhrifin á þann lið því óveruleg.

Íslensk fyrirtæki sækja í auknum mæli tekjur utan landsteinanna en þar hefur augunum aðallega verið beint til Evrópu. Líklega skiptir þróun einkaneyslu í Bretlandi meira máli fyrir land og þjóð. Í stuttu máli er hægt að halda því fram að ein áhrif af samdrætti í neyslu Bandaríkjamanna séu óveruleg hér á landi. Ef litið er á þróun einkaneyslu vestanhafs og landsframleiðslu á landi síðustu tíu ár virðast tengslin þar á milli einmitt vera óveruleg. Á móti kemur að ef samdráttur vestanhafs smitast af fullum þunga út í hagkerfi Asíu og Evrópu má búast við að íslenska hagkerfið verði fyrir einhverjum óbeinum áhrifum af hegðun bandarískra neytenda.

UM VÍÐA VERÖLD

Miklar sveiflur

Guardian | Gengi bréfa í breska fasteignalánafyrirtækinu Northern Rock hefur verið á þeysireið upp og niður frá því að stjórnendur þess greindu frá því að þeir

hefðu tryggt sér bakland í Englandsbanka kæmi til þess að bankinn lenti í lausafjárkrísu. Tímasetningin var heldur en ekki vanhugsuð hjá stjórnendum fjármálafyrirtækisins, sem höfðu siglt heldur lygnan sjó fram að því. Þriðjungur af gengi bréfa í félaginu hrundi á augabragði sama dag, og flyktust sparifjáreigendur að dyrum fyrirtækisins til að taka út fé sitt svo það gufaði ekki upp í lægðinni. Gengi bréfa í félaginu hefur dalað mjög allt frá áramótum og fór lægst í 132,1 pens 1. október síðastliðinn. Það hefur svo farið upp um þrjátíu prósent einn daginn og hrundi jafnarðan þann næsta. Breska dagblaðið Guardian segir nú að nokkrir fjárfestar hafi sýnt áhuga á að kaupa félagið allt. Þar á meðal er fjármálaarmur Virgin-samstæðunnar og bandaríska fjárfestingarfélagið JC Flowers. Blaðið bendir hins vegar á að gangurinn á Northern Rock sé það slæmur eftir niðursveifluna að ekki sé útlit fyrir að hluthafar fyrirtækisins fái nema um 130 pens á hlut í stað 200 eins og þeir hafi vonast til.

Ofurgrúpan á netið

Telegraph | Bandaríski útgáfurisinn Warner Music greindi frá því vikubyrjun að fyrirtækið ætlaði að

gera netverjum kleift að hlada niður öllu lagasafni bresku ofurgrúppunnar Led Zeppelin á viðráðanlegu verði frá og með 13. nóvember næstkomandi. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem tónlist Led Zeppelin verður fánleg í netheiminum en fyrirtækið ákvað að ganga með þessum hætti inn í framtíðina til að vega upp á móti minnkandi sölu á geisladiskum síðustu misserin. Breska dagblaðið Telegraph segir landa Led Zeppelin í Radiohead hafa opnað augu forráðamanna Warner Music. Eins og kunnugt er gaf Radiohead út sína nýjustu breiðskífu á netinu í bili og gátu þeir sem áhuga höfðu hlaðið hana niður við skrifborðið og ákveðið hvað þeir greiddu fyrir gripinn. Salan hefur fram til þessa þótt takast afar vel og skilað hljómsveitinni vænni summu í vasann, sem annars hefði farið að stórum hluta til útgáfufyrirtækisins. Þetta hefur heldur en ekki hreyft við forsvarsmönnum í plötuútgáfu, að sögn Telegraph, sem enn fremur bendir á að bandaríski söngfuglinn Madonna sé að hugsa sér til hreyfings í svipaða átt. Gangi það eftir mun hún rifta útgáfusamningi sínum við Warner Music, sem hefur gefið út plötur hennar í rúm tuttugu ár.

SKOÐUN

Samið við vini

Flestum finnst mjög óþægilegt að semja við vini sína, sérstaklega ef samið er um peninga – kaup eða sölu á vörum eða þjónustu. Óþægindin stafa af því að það verður togstreita á milli þeirrar hegðunar sem ætlast er til af okkur sem vinum og þeirrar hegðunar sem búast má við af samningamönnum. „Það er ætlast til þess að vinir gæti sanngirnir og verndi hagsmunir hans einstaklingsins á meðan búist er við því að samningamenn leitist við að fá sem bestan samning fyrir sjálfa sig“ (Kurtzberg & Medvec, 1999). Þessi togstreita getur leitt til þess að fólk reynir að koma sér hjá því að semja við vini sína og að þegar samið er þá

er gengið of fljótt frá málemiðlun án þess að kanna þarfir og hug hvors um sig.

VINIR TAKAST EKKI Á...

Vinir koma sér hjá átökum í samningaviðræðum vegna þess að þeir óttast að deilur kunni að skaða vináttuna til frambúðar. Fólk gerir færri og minni kröfur þegar samið er við vini og er fljótara að gefa eftir. Þeir sem eru að selja vörur og þjónustu reyna meira að segja oft að semja verðið niður þegar vinir eiga í hlut! Rannsóknir (David Mandel, 2006) sýna að þegar vinir semja um verð verður niðurstaðan oft sú að verðið verður lægra en kaupandinn er tilbúinn til að greiða, þar sem seljandinn leitast við að

selja á lægsta mögulega verði og sýna þannig örlæti og sanngirnir. Hins vegar kemur mun sjaldnar fyrir að vinir sem eru að kaupa af vinum spegli þessa hegðun og reyni að fá verðið upp! Á meðal vina er því yfirleitt sælla að kaupa en að selja!

...EN NÁ SJALDAN

FRÁBÆRUM SAMNINGUM

Ástæðan er sú að þeir eru svo fljótir að gefa eftir að það gefst ekki tími til að ræða málin og finna lausnir þar sem báðir gefa OG þiggja. Báðir leitast við að gefa án þess að horft sé til þess að stundum er kostnaðurinn af gjöfinni meiri fyrir þann sem gefur heldur en virði hennar er fyrir þann sem þiggur. Vinir leitast við

að ná ásættanlegri niðurstöðu á sem skemmstum tíma í stað þess að semja um bestu mögulegu lausn. Síðan réttlæta þeir samningahegðun sína með því að þeir hafi umfram allt viljað komast hjá átökum. Stundum er þörfin til að komast hjá átökum svo rík að gert er lítið úr mismunandi hagsmunum, þörfum og löngunum eða einfaldlega látið eins og þeir séu ekki til staðar. Staðreyndin er hins vegar sú að nákvæmlega þessir þættir þurfa nauðsynlega að vera uppi á borðinu til þess að frábær samningur náist!

SKIPTIST Á UPPLÝSINGUM

Vinir, rétt eins og allir aðrir, þurfa að skipast á upplýsingum um þarfir og óskir til þess

að geta gert frábæran samning. Þess vegna er nauðsynlegt að finna leið til að tala saman um það sem sameinar OG það sem hugsanlega skilur að. Verst er þegar vinir ætlast til þess að hinn aðilinn þekki þarfir þeirra og langanir og bregðist við þeim á jákvæðan hátt án þess að þær séu nokkurn tíma ræddar. Þetta er iðulega ástæða þess að sárindi verða vegna samningaviðræðna vina – þeir gera ráð fyrir að samningsaðilinn hafi upplýsingar sem hann hefur ekki.

Aðalsteinn Leifsson,
lektor og forstöðumaður
MBA-náms í Háskólanum
í Reykjavík þar sem hann
kennir samningatækni.



SPÁKAUPMAÐURINN

Stolt
siglir fleyið

Eins og öllum miðaldra Íslendingum þykir mér vænt um Eimskipafélag Íslands. Það er alltaf einhver ljómi yfir þessu nafni og maður fyllist þjóðarstolti. Ekki verri ef forsvarsmenn fyrirtækisins hamra stoltið heitt með því að leggja áherslu á þátt Eimskipafélagsins í sjálfstæðisbaráttunni. Menn að mínu skapi.

Nú hafa stjórnendur Eimskips sett fókusið á flutningastarfsemi og vilja endanlega losna við flughlutann sem eftir er með Atlanta. Félagar mínir á markaðnum hafa verið að benda mér á að góðar fréttir séu í vændum hjá félaginu. Allt sé á fljúgandi siglingu og því tími til að bregðast við.

Ég hef hins vegar haldið að mér höndum og andað með nefinu. Þetta Atlanta-dót hefur verið til vandræða og fáir sýnt félaginu áhuga. Kannski langar einhvern að sleppa við stofnkostnaðinn og henda sér í flugrekstur. Himinninn er hins vegar opin og öllum og helstu verðmæti Atlanta liggja í flugrekstrarleyfunum. Ætli það sé ekki best að bíða og sjá.

Annars helltust yfir mig gamlar tilfinningar þegar ég upplifði æðið í kringum sölu Orkuveitu Reykjavíkur á hlutum í REI til starfsmanna sinna. Sex hundruð raforkustarfsmenn með dollaramerki í augunum stukku á bitann. Sem betur fer var sett hámark því annars hefðu margir veðsett húsin sín og tengdaforeldra fyrir skyndigróðann.

Sjálfur tók ég þátt í svipuðu ævintýri þegar deCode-bréfunum var hent á íslenska markaðinn í gegnum bankana. Bréf sem enginn vissi almennilega hvaðan komu né hver hagnaðist endanlega á viðskiptunum. Það var sorglegt að sjá sauðsvartan almúgann veðsetja ömmu sína fyrir hlut í líftækniyrirtækinu. Æðið náði hámarki og ég stökk út. Ætli ég sé ekki með nokkur einbýlishús á samviskunni.

Hins vegar virðist Fjármálaeftirlitið vera betur með á nótunum nú en áður. Gaman verður að sjá útboðslýsinguna sem REI þarf að gera. Drög að henni liggja reyndar fyrir þegar starfsmenn Glitnis, Geysis Green og fleiri voru að vinna í samrunanum. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig Birni Inga Hrafnssyni tókst að gera tvo til þrjá milljarða að tíu. Að minnsta kosti tókst að auka verðgildi Enex frá um einum og hálfum milljarði í fjóra í samrunanum. Með einhverri hlutfjár-aukningu á milli.

Það eru greinilega fleiri sem kunna að búa til peninga en ég.

Spákaupmaðurinn á horninu

MIDASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

Í ÓTELJANDI MYNDUM

"Undursamlegt... Vesturport hefur skorað einu sinni enn og með allt allt öðruvísi sýningu en leikhópurinn hefur fram að þessu verið þekktur fyrir."
SA Tímarit Máls og Menningar.

HYLNUR BJÖRN HARALDSSON

CHARLOTTE BÖVING



FRÁ UNDIRSKRIFT SAMSTARFSSAMNINGIS Í KÍNA Björn L. Örvar og Yin Xiaohong handsala samninginn. Júlíus B. Kristinsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Gunnar Snorri Gunnarsson og Jón Ásbergsson voru viðstaddir undirritunina. Ljósmynd/Þórhallur, Pedromyndir

Flytja inn prótein til Kína

Orf líftækni hefur náð að lækka framleiðslukostnað á verðmætum próteínum.

Orf líftækni hefur hafið samstarf við stærstu samsteypu lyfjafyrirtækja í Kína, Sinopharm.

„Við teljum að þetta samkomulag hafi mikla þýðingu því hér gefst okkur tækifæri til að koma okkar vörum inn á nýjan markað. Sérstaklega er þetta spennandi því við erum að tala öflugt kínverskt lyfjafyrirtæki sem hefur mikinn áhuga á þessu samstarfi. Þannig að við lítum á þetta sem einstakt tækifæri,“ segir Björn L. Örvar, framkvæmdastjóri Orf.

Með samkomulaginu leggja Orf og Sinopharm drög að nánú samstarfi um lyfjapróun prótínlyfja sem síðar meir verða framleidd á Íslandi fyrir prótínlyfjamarkað í Kína.

„Þetta gengur út á það að við erum með ákveðið prótín nú þegar sem við erum að byrja framleiðslu á. Þetta kínverska fyrirtæki mun svo halda utan um lyfjapróun í Kína. Síðan hafa þeir áhuga á að taka að sér markaðsstarf og sölu á þessum prótínum. Og markaðurinn er gríðarlega stór,“ segir Björn.

Hann segir lyf í þessum flokki til dæmis gefin eftir krabbameinsmeðferð þegar byggja þurfi upp fjölda hvíttra blóðkorna. Lyfin séu mjög dýr, jafnvel á Vesturlöndum. Framleiðslukostnaður hjá Orf sé hins vegar mun lægri en hjá öðrum fyrirtækjum. Þeir munu því ólíkt flestum öðrum flytja ódýra vöru inn til Kína en ekki út.

Besta litla verslunin

Duchamp Store við Regent Street í Lundúnum, sem er í meirihlutaeigu Arev-sjóðs, hampað.

Verslunin Duchamp Store við Regent Street í Lundúnum var útnefnd „besta litla verslunin í Lundúnum“ á verðlaunahátíðinni Retail Interior Awards sem haldin var þar í borg fyrsta þessa mánaðar. Kcaj-sjóðurinn, sem er rekinn af Arev í Bretlandi, systurfélagi Arevs-verðbréfa, keypti 70 prósent hlut í Duchamp í ágúst 2006, en stjórnendur eiga 30 prósent hluta.

Í tilkynningu Arev kemur fram að verslunin hafi verið opnuð í nóvember í fyrra, en í henni sé boðið upp á herraskyrtur og fylgihluti. „Það telst mikill heiður fyrir eigendur og stjórnendur Duchamp að hljóta þessa útnefningu nú, því sjaldgæft er að verslanir í London nái þessum árangri eftir svo skamman tíma í rekstri,“ segir þar jafnframt, en verðlaun Retail Interior Awards eru árviss viðburður sem staðið hefur í tíu ár.



ÚR DUCHAMP STORE Svona er umhorfs í „bestu litlu verslun Lundúna“. Í henni er boðið upp á litríkar herraskyrtur og fylgihluti.

- óka



ÞÁÐU NUDD Á FUNDINUM Fundarmenn gátu fengið nudd hjá kínverskum nuddara á fundinum. Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, þáði boðið og lét þreynta líða úr stífum herðum.

FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON

Yfirtökur í Kína

Glitnir og Útflutningsráð Íslands stóðu fyrir ráðstefnu á mánudaginn þar sem meðal annars var rætt um yfirtökur fyrirtækja í Kína.

Lars Ellström, framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins SkyEast, fjallaði um viðskipti þar eystra í samhengi við efnahagslíf og stjórn málaástand. Andrew

Harper hjá China Business Group fjallaði um yfirtökur fyrirtækja og lagaleg álitaefni í því sambandi. Þá sagði Magnús Bjarnason frá reynslu Glitnis við að aðstoða viðskiptamenn þess við yfirtökur í Kína.

BESTA RÁÐIÐ

Jákvæðnin flytur fjöll

„Besta ráð sem ég get gefið öðru fólki er tvímælalaust að vera jákvæður,“ segir Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans. „Það kemur manni svo ótrúlega vel að nota alltaf jákvætt hugarfar á hlutina, það litar lífið svo skemmtilegum litum.“ Hún segir lífið sjálft hafa kennt sér þessa lexíu. Henni hafi hún alla tíð fylgt, bæði í leik og starfi. „Maður finnur mikilvægi þess að vera jákvæður í samskiptum sínum við annað fólk, bæði á því hvernig maður sjálfur nálgast viðfangsefni og hvernig aðrir nálgast þau. Ef nálgunin er út frá jákvæðu hliðinni er hægt að flytja fjöll. Ef byrjað er frá hinni hliðinni verður leiðin mikið lengri og stundum



nær maður alls ekki alla leið.“ Að mati Elínar skiptist fólk í tvennt, annars vegar þá sem fara fyrst jákvæðu leiðina og þá sem fara fyrst þá neikvæðu. „Ég get fullt að þeim sem velja leið jákvæðinnar gengur betur en hinum. Allt samstarf í viðskiptalífni, og reyndar í lífinu almennt, byggir á því að enginn gerir neitt aleinn. Það þarf alltaf að fá fólk í lið með sér. Jákvæðni í samskiptum hefur því geysilega mikil áhrif.“

- hhs

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

Ávaxtaðu betur 15,5%*

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/08/07 - 28/09/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

 KAUPÞING

Álið er málið

Fegurð, mýkt, ending



Valsað báruál

Litað valsað báruál í 0,7 mm þykkt á svipuðu verði og stál. Áltak valsar báruál og afgreiðir pantanir í réttum lengdum með 2-4 daga fyrirvara.

Eigum eftirfarandi liti til á lager:

Ólitað ál	
RAL 1013	Perluhvítt
RAL 3002	Rautt
RAL 3009	Móráutt
RAL 5009	Blátt
RAL 6003	Ólívugrænt
RAL 7011	Koksgrátt
RAL 7016	Dökkgrátt
RAL 9006	Silfurmetallic
RAL 9010	Hvítt
RAL 9007	Dökkur Metallic



Horfðu til himins

Gæða þakgluggar á frábæru tilboðs verði. Margar stærði til á lager.

55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118 • 78 x 98
78 x 140 • 94 x 118 • 114 x 118 • 94 x 140



Stallað þakefni

Áltak á til á lager, stallað þakefni úr áli í eftirfarandi litum:

RAL 3009 Móráutt
RAL 9005 Svart
RAL 9010 Hvítt



HÚSASMÍÐJAN
Sími 525 3000 • www.husa.is

Söluaðili:
Verlanir Húsasmiðjunnar
um land allt

Áltak býður breiða línu af gæða byggingarvörum m.a. utanhúsklæðningar, undirkerfi fyrir utanhúsklæðningar, kerfisloft, kerfisveggi, innihurðir, reyklúgum, reykræstibúnað og brunakerfi, einnig glugga, hurðir, samloku-einingar, kerfisgólf o.fl. Áltak hefur það að markmiði að bjóða eingöngu gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Skoðuðu úrvalið á www.altak.is



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



DAGUR Í LÍFI...

Gísli Reynissonar, forstjóra Nordic Partners

Gísli Reynisson er forstjóri og meirihlutaeigandi fjárfestingarfélagins Nordic Partners. Félagið er umsvifamikið í Eyrstrasaltsríkjunum, sérstaklega í Lettlandi, og í Danmörku. Höfuðstöðvar félagsins eru þó hér á landi, í stórglæsilegu húsi á Suðurgötu 10 í miðbæ Reykjavíkur. Nordic Partners skaust fram á sjónarsviðið þegar félagið keypti danska hótteleðju í september síðastliðnum. Með í kaupunum fylgdi meðal annars eitt af þjóðarstoltum Dana, glæsihótelid D'Angleterre í Kaupmannahöfn.

06.15

Sest með kaffið fyrir framan tölvuna, fer í gegnum tölvupósta og skipulegg verkefni dagsins.

07.00

Ríf afkvæmin á fætur, gef þeim morgunmat og kem þeim af stað í skólann.

08.15

Mættur til vinnu. Við tekur sólríkur mánudagur þar sem nauðsynlegt er að draga niður gluggatjöldin til að geta einbeitt sér. En það er gott að hafa ekki rigninguna lemjandi á gluggann. Tek til við að svara tölvupóstum, lesa greinargerðir og skýrslur og rýna í tölur.

14.00

Ranka við mér klukkan tvö við gaulandi garnir. Þá hafði ég ekki einu sinni fengið morgunmat. Skýst út í bakarí og kaup smurt brauð. Held áfram að sinna vinnusímtölum úr bílnum.

14.15

Aftur lagst yfir skýrslurnar, greinargerðirnar og tölurnar. Fundað með samstarfsmönnum.

17.30

„Pabbi, hvað er í matinn?“ spyr dóttir mín í símanum. Þá er að drífa sig heim að elda. Ég elda pasta bolognese eftir hennar smekk. Við pottana horfi ég á fréttir og Kastljós. Umræður dagsins snúast um miklu meiri orkubolta en sjálfan mig.

20.30

Sest aftur með kaffibollann við tölvuna. Sendi tölvupósta til þeirra í Lettlandi sem fara af stað þremur tímum á undan mér í fyrramálið. Erilsamur en góður dagur er að baki.



GÍSLI REYNISSON, FORSTJÓRI NORDIC PARTNERS Klukkan tvö síðdegis á mánudaginn skaust Gísli út í bakarí að kaupa sér morgunmat. Á leiðinni í bílnum sinni hann vinnusímtölum, enda dagurinn erilsamur.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Vínsöfnurum fjölgar

Arnar Bjarnason og Arnar Sigurðsson versla báðir með gæðavin, hvor á sínum forsendum. *Hólmsfríður Helga Sigurðardóttir* talaði við nafnana um ástríðuna.

Fyrir nokkrum árum voru vinsafnarar sjaldséðir á Íslandi. Þetta hefur breyst hratt og í dag hefur fjöldi fólks það að tómsundaiðju að koma sér upp góðu vinsafni. Þeim fjölgar líka sem hafa tekið áhugamálið skrefinu lengra og komið sér upp sérútbúnum hita- og raka-stýrðum vínkjöllum til að tryggja bestu geymslu gersemanna. Tilgangurinn er misjafn. Sumir líta á söfnunina sem góða langtímafjárfestingu. Aðrir eru einfaldlega lífsnautnamenn og vilja hafa úr nógu að velja þegar þorstinn kallar eða góða gesti ber að garði.

Fyrir um fjórum árum stofnuðu þau Arnar Bjarnason og Rákel Halldórsdóttir fyrirtæki utan um innflutning á sínum helstu áhugamálum – gæðavinum og -mat. Fyrirtækið fékk nafn við hæfi og heitir Vín og matur. Hjónin höfðu verið búsett bæði í Bandaríkjunum og Ítalíu, þar sem þau höfðu lært listina að þekkja og kunna að meta góð vín. „Við tókum strax þá stefnu að flytja bara inn vín sem okkur þykja góð. Þetta eru vín sem fólk kaupir til að geyma í nokkur ár og eru fulltrúar þess besta sem völ er á. En einnig flytjum við inn ódýrari vín. Eina skilyrðið sem við setjum er að þau séu sérstök,“ segir Arnar.

Hjá Víninu og mat hefur aðaláherslan verið lögð á ítölsk vín. Þau koma þó alls staðar að. „Íslenski markaðurinn er of lítill fyrir mikla sérhæfingu,“ segir Arnar. „Svo er vínflóran svo spennandi í heild sinni að við viljum ekki binda okkur við eitt svæði. Nýjasta viðbótin er vín frá framleiðanda í Búrgúndi-héraði í Frakklandi. „Við höfum frekar farið þá leið að kaupa sérstök vín heldur en að skipta við risafyrirtæki með stór vörumerki. Framleiðandinn í Búrgúndi er með tuttugu til þrjátíu tegundir. Við fáum þá jafnvel ekki nema tuttugu til þrjátíu flöskur af hverri tegund.“

Allt annar Arnar, Arnar Sigurðsson, tilheyrir síðarnefndum flokki safnara. Þeim sem safna fyrst og fremst fyrir sjálfa sig og sína. Um nokkurra ára skeið hefur hann verslað beint við erlenda heildsala og flutt vín hingað til lands. „Ég er lífsnautnamaður bæði á mat og vín. Ég kaupi bæði hversdagsvín til að hafa með kvöldmatnum og finni vín fyrir sérstök tækifæri. Það eru 365 dagar í árinu, svo maður tali nú ekki um allar veislurnar og afmælin. Það fara nokkrar vínflöskur í viku hverri og þetta er fljótt að borga sig.“ Hann segir ekki hlaupið að því að fá góð vín á Íslandi. „Áhugafólki um vín fer fjölgandi en



ARNAR BJARNASON, EIGANDI VÍNS OG MATAR Arnar og eiginkona hans, Rákel Halldórsdóttir, reka fyrirtækið Vín og mat. Þau flytja eingöngu inn vín sem þeim sjálfum þykja góð.

veitingastaðir hér á landi hafa verið svolítið á eftir þessari þróun. Fá veitingahús hafa almennilegan vín-lager hér. Vínáhugamenn fá ekki merkileg vín, nema þá helst á Holtinu.“

Víninu safnar Arnar upp á þar til gerðu frísvæði í Bretlandi þar sem „eru engin miðaldahöft á verslun eins og á Íslandi“. Hann flytur svo hingað til lands eitt og eitt bretti í einu. Á hverju bretti eru um fimm hundruð flöskur.

Arnar verslar við erlendu heildsalana af því það er hagstæðara en ekki síður af því að lögum samkvæmt má hann ekki versla við þá íslensku. „Hér ríkir einokunarréttur á smásölu á áfengi en ekki á innflutningi. Það er öllum frjálst að flytja inn vín og borga af því toll og virðisaukaskatt. ÁTVR kemur þar hvergi nálægt. Ég má því ekki versla beint við íslenska heildsala á meðan mér er frjálst að versla við kollega þeirra í útlöndum. Þetta afhjúpar náttúrulega fátíðleika þessa fyrirkomulags. Ég bið spenntur eftir því að þessar afgreiðslustofnanir ríkisins hverfi og einhver eldheitur vínáhugamaður opni hér búið með almennilegum vínnum.“

Arnar gerir þó ekki ráð fyrir að hætta að kaupa vínin að utan, jafnvel þótt einokuninni yrði aflétt. Til þess hefur hann komið sér upp of persónulegum smekk. Yfirleitt kaupir hann kassa af hverri tegund, auk þess sem hann kaupir alla árganga af völdum tegundum. „Ég fylgist vel með umfjöllunum fagaðila, í tímaritum, fréttabréfum og á netinu. En ég kaupi fyrst og fremst frönsk vín frá Bordeaux og Búrgúndi-héruðunum, oftar en ekki frá sömu framleiðendunum, ár eftir ár.“

FRÍSTUNDIN

Dansar hipphopp í Belfast

Halla Guðrún Mixa, framkvæmdastjóri hönnunarsviðs auglýsingastofunnar Pipars, veit fátt skemmtilegra en að dansa hipphopp. Í þrjár vikur í mánuði býr hún í Belfast og stundar vinnu sína þaðan. Þar dansar hún líka hipphopp af miklum eldmód, tvisvar í viku á námskeiði og daglega heima á stofugólfinu. „Það er virkilega verið að djöflast á gólfinu. Þetta er kannski ekkert sérstaklega virðulegur dans fyrir 39 ára konu. Þess vegna finnst mér þetta kannski svona ótrúlega gaman,“ segir Halla. Hipphopp er heldur ekki fyrir

allar 39 ára konur. Það þýðir lítið að ætla að reyna við það, sé maður í slöku formi. „Þjálfunin í þessu er ótrúleg. Ég er alveg búin á því eftir upphitun. Þá er klukkutími og korter eftir af stífum dansi. Ég þarf að fara í ræktina á milli tíma, bara til að halda mér í formi svo að ég geti haldið út námskeiði.“

Halla er gömul fimleikastelpa og hefur því reynsluna af því að leggja spor og rútínur á minnið. „Þrátt fyrir það er ég stundum alveg úti að aka. Ég þarf stöðugt að vera að æfa mig heima til að halda í við kennarann. Svo er svo mikill hraði í þessu.“

Hún leiddist út á braut hipphoppisins fyrir tilviljun. „Ég hafði áður prófað aðrar dansstegundir, eins og salsa. En núna langaði mig að prófa eitt-hvað virkilega hipp og kúl. Hipphoppið lá beinast við.“

Dagsdaglega er Halla fremur snyrtileg til fara og kurteis. Hún mætir hins vegar á námskeiðin í karakter klædd víðum fötum. „Það er hallærislegt að mæta í silfursanseruðum og sætum dansbúningi á hipphoppæfingu. Fyrir utan það að maður er sífelldur að stökkva upp og niður af hnjúnum. Maður eyðileggur bara fínu fötin sín!“ - hhs



HIPPHOPPARINN HALLA GUÐRÚN MIXA Margar frístundir Höllu fara í að æfa hipphopp-rútnur. MARKAÐURINN/VÖLUNDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:                           

Coca-Cola
light.

VINSÆLASTI ÞÁTTURINN VESTANHAFS

GREY'S ANATOMY

HEFST 31. OKTÓBER



30%
aukaafsláttur af fyrsta
mánuðinum ef þú kaupir
áskriftina á Netinu.
Stod2.is



skemmtilegri

BANKAHÓLFID

Úr ölinu

Ölgerð Egils Skallagrímssonar virðist vera ágæt uppeldisstöð fyrir bankakerfið. Þannig hafa nokkrir millistjórnendur flutt sig af vettvangi gosdrykkjanna og bjórsins yfir í peningana. Sá sem hefur verið nokkuð í umræðunni út af REI-klúðrinu, Jón Diðrik Jónsson, var til dæmis forstjóri Ölgerðarinnar áður en hann varð framkvæmdastjóri og síðar forstjóri hjá Glitni. Björn Ársæll Pétursson hefur einnig starfað hjá Ölgerðinni sem sölustjóri. Hann var líka stjórnarformaður REI á undan Bjarna Ármannssyni. Nú hefur Landsbankinn tilkynnt að Björn Ársæll muni stýra skrifstofu bankans í Hong Kong sem öll Asia er undir. Góðir sölumenn eru gulls ígildi fyrir öll fyrirtæki.



Allir ráðnir í bankana

Eftir því sem fjármálaríf og viðskiptagjörningar hafa orðið flóknari hafa bankar og aðrar fjármálastofnanir síðustu ár sóst í auknum mæli eftir hámenntuðu starfsfólki með annan grunn að baki en í viðskiptum og hagfræði. Eðlisfræðingar, stærðfræðingar og verkfræðingar eru heitir. Til marks um það barst Markaðnum til eyrna á dögnum að bankarnir hefðu ráðið alla þá rafmagnsverkfræðinga sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands í vor og enginn þeirra því farið í önnur störf utan fjármála-geirans. Varð einum heimildarmanna á orði að bankarnir hefðu hreinsað upp allt nýja blóðið á markaðnum.

Bólguegó

Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur oft þótt furðulegur fyr. Nú þeysist hann um til að kynna nýútkomna bók sína. Greenspan var þekktur fyrir að tala niður verðbólgu og BusinessWeek segir enga verðbólgu hafa hlaupið í ega kappans þrátt fyrir athyglina. Hann setur engin skilyrði fyrir viðtölum, mætir einn án nokkurs undirbúnings og þiggur ráðleggingar um klæðaburð frá konu sinni. Fyrir viðtalið í 60 mínútum, sem sýnt var á Stöð 2 fyrir skömmu, skipulagði hann ferð og hótélgestingu sjálfur og greiddi fyrir. Hann heillaði fjölmiðlafólkið endanlega við að þiggja „fréttastofukaffið“.



4,5% verðbólga á ársgrundvelli samkvæmt nýjustu mælingum Hagstofunnar.

301 milljóna króna lágmarksfjárfesting í nýjum fjárfestingarsjóði Aska Capital.

45,18% hlutur SPRON og Byrs í Icesbank sem seldur var í vikunni.



Gerum það rétt,
og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður áþreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is



Safnaðu því sem skiptir máli

Engar aukakrónur, engir punktar, bara alvöruávöxtun.



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

75 ára | spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. júlí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsing má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.